



**Heit og ljúffeng**  
  
**PIZZA**  
HAMRABORG  
Hafnarstræti 7 • 456 3166

Láttu ekki vandræðin  
verða til vandræða  
  
Íbúðalánasjóður  
www.ils.is

 **Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 12. júlí 2006 • 28. tbl. • 23. árg.

## Nauðungar-sölum fækkar á milli ára

Nauðungasölum fækkaði milli ára 2004 og 2005 hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði en þá voru 18 fasteignir seldar embættinu. Af 134 málum sem komu til meðferðar var 113 málum lokið þannig að gerðarpólar fengu nauðungarsölu afturkallaða með samkomulagi við gerðarbeiðendur. Árið 2003 voru 180 nauðungarsölur og 142 árið þar á eftir.

Í lok ársins 2003 voru 26 málum ólokið og sjö 2004 en þremur málum var ólokið árið 2005. Þá voru haldin tvö lausafjár-  
uppböð á árinu og ber þar hæst uppböð á lausafjarmunum í eigu þrotabús Sindrabergs ehf. þar sem 35 munir voru skráðir til sölu og óhætt er að segja að handagangur hafi verið í öskjunni við uppböðið þar sem fjöldi manns mætti og gerði góð kaup.



Súgfirðingar komu sér upp litlum dýragarði á Sæluhelginni svo börn af malbikinu gætu fengið að kynna íslenskum húsdýrum í návígi. Þessi ungi drengur fékk að fæða lambið á myndinni, en ekki voru drengur og lamb alveg sátt um fæðrið. Lambið var talsvert spennatara fyrir brauði drengsins heldur en grasinu sem til stóð að gefa því, og þurfti strákurinn að hafa fyrir því að fela brauðið fyrir lambinu.

# Tíu umsóknir hafa borist um stöðu bæjarstjóra í Bolungarvík

Nýr bæjarstjóri í Bolungarvík verður að öllum líkindum ráðinn í vikulok, en frestur til að sækja um stöðuna rann út á miðnætti á sunnudag. Soffía Vagnsdóttir, nýr forseti bæjarstjórnar í Bolungarvík, segir að ákveðið hafi verið að biðja eftir umsóknum í pósti fram til dagsins í gær.

Á mánudag höfðu tíu umsóknir borist, en Soffía vildi ekki gefa neinar upplýsingar um umsækjendur. „Þetta er

upp til hópa hið frambærilegasta fólk og það er mjög ánægjulegt að sjá hversu mikið áhugi er fyrir stöðunni“, segir Soffía.

Eins og sagt hefur verið frá var myndaður nýr meirihluti í Bolungarvík að afloknum kosningum í maí. Er hann skipaður þremur fulltrúum frá Bæjarmálafélagi Bolungarvíkur og einum fulltrúa frá Afli til áhrifa.

– hhh



Á sunnudagskvöld höfðu tíu umsóknir borist um stöðu bæjarstjóra í Bolungarvík.

  
Nýtt  
símanúmer  
Landsbankans  
á Ísafirði  
er  
**410 4156**  
 Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018

**Samkaup** úrval  
**OPIÐ:**  
virka daga  
kl. 09 - 21  
laugard. 10-21  
sunnud.  
kl. 12 - 21  
Verið  
velkomin!  
**Samkaup** úrval  
**NEISTA**  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460

**„ÁHYGGJULAUS“**  
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER  
 EIMSKIP  
Kongaráttum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is  
  
VIÐSKIPTA  
ÞJÓNUSTA  
EIMSKIPS  
525 7800  




# Fjölgun líkamsárása skýrist af nýjum talningaraðferðum

Líkamsárásir sem komu inn á borð lögreglunnar á Ísafirði voru 30 í fyrra. Þetta kemur fram í ársskýrslu sýslumannsins á Ísafirði sem kom út í síðustu viku. Tólf þessara árása ollu minniháttar meiðslum á fólki, en í fjórum tilfellum urðu áverkar alvarlegri. Við

lestur skýrslunnar mætti ætla að líkamsárásur hafi fjölgað mjög á milli ára, en þær voru 18 árið 2004 og 20 árið 2003. Þessi aukning mun þó af mestu skýrast af nýjum talningaraðferðum lögreglu og segir Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, að

tilfinning lögreglumanna sé ekki sú að ofbeldi hafi aukist á svæðinu. „Talningin er orðin nákvæmari og það er farið að taka meira inn“, segir Önnundur.

Tvö mál sem vörðugu dreifingu og sölu á fíkniefnum komu inn á borð lögreglunnar

á Ísafirði í fyrra. Mál af þessu tagi voru sex árið 2004 og níu árið 2003. Þá komu upp níu mál sem vörðugu vörslu og/ eða neyslu á fíkniefnum, en slík mál voru átta árið 2004. Önnur fíkniefnabrot voru níu á síðasta ári, fjögur árið 2004 og tvö árið 2003. – smari@bb.is



Lögreglustöðin á Ísafirði.

## Ölvaður undir stýri

Ölvaður og réttindalaus ökumaður ók á aðra bifreið á Suðureyri á aðfararnótt sunnudags. Tilkynnt var til lögreglu að ökumaðurinn væri á ferð eftir áreksturinn. Þegar lögreglumenn óku inn á Suðureyri sáu þeir umrædda bifreið úti í skurði.

Skömmu síðar voru tveir ungir menn handteknir grunaðir um að hafa verið á bifreiðinni og viðurkenndi annar þeirra að hafa verið ökumaður. Hann blés í alkóhólmæli sem sýndi að áfengi í útöndun hans var 2‰. Ökumaðurinn reyndist réttindalaus í ofanálág en hann er ekki enn kominn á bílprófsaldurinn.

## Von á gæðingum

Nú styttest í árlegt félagsmót hestamannafélagsins Storms á Vestfjörðum sem haldið verður að Söndum í Dýrafirði dagana 21. júlí - 22. júlí. Von er á landsmótsgæðingum á mótið en þess má geta að á síðasta móti var einn merkasti stóðhestur landsins, Óður frá Brún, til sýndur.

Mótið er einn af stærstu viðburðum hestamanna á Vestfjörðum. Þá er fyrirhugað að halda reiðnámskeið á Söndum ef áhugi er fyrir því, og næg þátttaka fæst. Námskeiðið yrði frá 14.-20. júlí. Nánari upplýsingar og skráning fer fram hjá Sigríði í síma 869-8328 og Nönnu í síma 895-0711.



Sjóeldiskviar HG í Álftafirði.

# Misskilningur að stórfellt seiðadráp fari fram í Djúpinu

Um mikinn misskilning er að ræða þegar rætt er um að fyrirtæki í þorskeldi séu að stunda stórfelldar veiðar á þorskseidum í Ísafjarðardjúpi að sögn Þórarins Ólafssonar hjá Hraðfrystihúsinu - Gunnvöru. Guðmundur Rósmunds-

son fyrrverandi sjómaður í Bolungarvík sagði í frétt á bb.is fyrir stuttu að stórir bátar væru togandi í Djúpinu og drepanði allt sem hægt væri að drepa. Þórarinn segir að alls stundi HG veiðar á seiðum 10 daga á hausti með sérút-

búnu rækjutrolli með finriðnum poka.

Veiðarnar fara fram með leyfi frá Hafrannsóknastofnun og hann segir að sér finnist eðlilegt að þetta þyki umdeilt en staðreyndin er sú og það hafi komið mönnum á óvart

að afföllin við veiðarnar eru litlar og helst eru þau í strandeldisstöðinni á Nauteyri. Menn frá Hafrannsóknastofnun og Fiskistofnu eru viðstaddir veiðarnar og eru þær undir ströngu eftirliti.

Þórarinn segir að afföll seiða sem veidd eru í eldið séu mun minni en í náttúrunni, eða um 50 prósent á móti 99 prósentu afföllum í sjó. Seiðin eru veiddar á hausti þegar þau eru orðin botnlæg, þ.e.a.s.

liggja á botninum í stað þess að vera upp í sjó en við það fæst minni meðafli, eins og ýsuseiði og fleira. Þorskeldi HG hf. fer fram með tvennum hætti, annars vegar áframeldi þar sem fangaður er undir málsporskur og komið fyrir í sjókvíum þar sem hann er alinn á loðnu og síld, og hins vegar aleldi en það er þorskur úr strandeldisstöðvum sem alinn er á þurrfóðri.

– smari@bb.is

## Styrkir til vestfirskrar æsku

Menningarsjóður vestfirskrar æsku veitir í ár, líkt og undanfarin ár, vestfirskum ungmennum styrki til framhaldsnáms sem þau geta ekki stundað í sinni heimabyggð. Að öðru jöfnu njóta forgangs um styrk úr sjóðnum ungmennti sem misst hafa fyrirvinnu, föður eða móður, einstæðar mæður og konur,

meðan fullt launajafnrétti er ekki í raun, eins og segir í frétt frá sjóðnum. Ef engar umsóknir berast frá Vestfjörðum, koma umsóknir Vestfirðinga búsettra annars staðar til greina.

Félagssvæði Vestfirðingafélagsins er Ísafjarðarsýslur, Ísafjörður, Stranda- og Barðastrandarsýslur. Umsóknir um

styrkt skal senda fyrir lok júlí til Menningarsjóðs vestfirskrar æsku c/o Haukur Hannibalsson, Digranesheiði 34, 200 Kópavogur og skulu meðmæli fylgja frá skólastjóra og/ eða öðrum sem þekkja viðkomandi nemenda, efni hans og aðstæður. Netfang Hauks er haukurhannibalsson@simnet.is.

– bb@bb.is

## Guðrún og Friðrik Ómar í Ísafjarðarkirkju

Söngvararnir ástsælu, Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar Hjörleifsson halda tónleika í Ísafjarðarkirkju fimmtudagskvöldið 20. júlí kl. 20:30. Guðrún og Friðrik Ómar hafa undanfarin ár heimsótt kirkjur landsins með dagskrá sem tileinkuð er gömlum íslenskum dægurlögum frá árunum 1950 til 1975 sem hefur notið mikilla vinsælda. Á efnisskránni verða sígildar perlor Ellýjar og Vilhjálms auk þess sem þau flytja lög af plötunum „Ég skemmti mér“ og „Ég skemmti mér í sumar.“.

Hér gefst einstakt tækifæri fyrir Ísfirðinga og nærsveitar-



menn því einungis örfáir staðir á landinu verða heimsóttir í sumar af þessum vinsæla dúett. Undirleikari þeirra er Valgeir Skagfjörð. Aðgangseyrir er kr. 1.500. – bb@bb.is

## Sameiningu íþróttafélaga rædd á ný í ágúst

Fyrirhuguð sameining fjögurra stærstu íþróttafélaga á norðanverðum Vestfjörðum mun ekki eiga sér stað fyrr en í fyrsta lagi í haust, en í fyrstu stóðu vonir til að hægt yrði að ganga frá sameiningunni á vordögum. „Við ætlum að leyfa sumarfríatímabilið að líða því svo margir eru fjarverandi.

Við stefnum á að funda á ný um miðjan ágúst“, segir Ingi Þór Ágústsson, formaður Héraðssambands Vestfirðinga. Um er að ræða fjögur stærstu íþróttafélögin innan vébanda HSV, þ.e. Sundfélagið Vestra, Kórufuknattleiksfélag Ísafjarðar, Boltafélag Ísafjarðar og Skíðafélag Ísfirðinga.

Umræður hafa staðið yfir í

nærri tvö ár, um að auka samstarf á milli íþróttafélaganna. Fyrst var rætt um að ná niður æfingagjöldum þannig að börn sem æfðu með fleiri en einu félagi þyrftu ekki að greiða margföld gjöld. Út frá því kom sú hugmynd að auka samstarfið enn frekar.

„Við hældum almennan kynningarfund í maí og þetta

leggst almennt vel í fólk, við höfum allavega ekki fengið neinar mótbárur. Fyrir mitt leiti vona ég að það verði af þessari sameiningu á Vestfjörðum“, segir Ingi Þór. Hugmyndin er sú að eftir að stærstu íþróttafélögin hafi sameinast muni öðrum félögum vera boðin þátttaka.

– thelma@bb.is

# Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mót- mælir aðgerðum ríkisstjórnarinnar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar kom saman í síðustu viku þar sem eftirfarandi ályktun um fyrirhugaðan niðurskurð ríkisstjórnarinnar til vegamála var samþykkt samhljóða: „Bæjarráð Ísafjarðarbæjar mótmælir harðlega ákvörðun ríkisstjórnar Íslands, um að fresta útbóði á vegaframkvæmdum á Vestfjörðum. Aðgerðir til að draga úr þenslu í hagkerfinu eru nauðsynlegar en eiga að taka á þeim svæðum sem búa við þenslu. Uppruni þenslu í hagkerfinu er ekki á Vestfjörðum og það er óásættanlegt að

draga úr bráðnauðsynlegum vegaframkvæmdum í fjórðungnum, ekki síst eftir að strandsiglingar lögðust af. Veginir bera ekki þungaumferð og slysaætta skapast vegna ástands þeirra. Skorað er á ríkisstjórn Íslands að leita annarra leiða til að draga úr þenslu, en þeirra að draga úr framkvæmda-hraða við vegagerð á Vestfjörðum, þar sem verið er að leysa af hólmi 50 ára gamla malar- og moldartroðninga, sem eru ónothæfir fyrir þungaflutninga og almenna umferð.“



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

## Listasumar í Súðavík verður haldið í ágúst

Pálína Vagnsdóttir úr Bolungarvík hefur tekið það að sér að halda menningarhátíðina Listasumar í Súðavík í ágúst. „Það er búið að tilkynna hátíðina í öllum ferðabæklingum og allir gera ráð fyrir henni. Svo á samfélagið í Súðavík það alveg inni hjá mér að ég klári dæmið“, segir Pálína en hún hefur komið að hátíðinni frá upphafi. Forsaga málsins er sú að Súðavíkurbreppur sá sér ekki fært að halda hátíðina í ár vegna viðvarandi taps á henni. Hreppurinn, Sumarbyggð og Félag

Íslenskra hljómlistarmanna ýttu hátíðinni úr vör árið 1999 og hafa jafnan landsþekktir listamenn í bland við heimamenn tekið þátt. Hátíðin sem í senn hefur verið til skemmtunar og menningarauka hefur verið fastur liður í tilveru Súðvíkinga í ágúst. „Ég er núna á fullu við að smíða dagskrána og ég vona að allir þeir sem hafa verið hliðhollir Listasumarinu hingað til verði það áfram.“ „Súðvíkingar hafa verið stórhuga og haft tvær bæjar-

hátíðir á ári en auðvitað harðnir í dalnum þegar bæjarfélögin á svæðinu eru öll komin með hátíð og jafnvel fleiri en eina á ári. Við verðum því að taka tillit til hvers annars og t.d. ekki skipuleggja hátíðir á sömu helgi og einhver önnur er haldin“, segir Pálína. „Við munum standa við bakið á henni eins og við getum“, segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurbrepps. „Þessa stundina er Pálína Súðvíkingur númer 1 sem kemur yfir fjöllin tvö til þess að halda Listasumarið fyrir okkur.“



Súðvíkingar geta glaðst því Listasumar verður haldið í ár eftir allt saman.



Mansavinum var boðið til veislu á nýja veitingastaðnum í lok Sæluhelgar.

## Nýr veitingastaður opnar á Suðureyri

Nýr veitingastaður hefur opnað við Aðalstræti á Suðureyri. Staðurinn er í húsi sem sambyggt er við VEG-gistingu og er rekin af sömu aðilum. „Þetta verður sjávarréttaveitingahús sem tekur milli 40 og 50 manns í sæti. Það verður boðið upp á mat af matseðli milli klukkan 18 og

22 öll kvöld í sumar, en í vetur verður húsið opnað fyrir veislur og hópa“, segir Elías Guðmundsson sem rekur veitingastaðinn. „Ástæðan fyrir því að við fórum út í þetta er einfaldlega sú að ferðamönnum hefur fjölgað hér á Suðureyri, og ekki bara yfir Sæluhelgina.“

Staðurinn var prufukeyrður á sunnudagskvöld þegar aðstandendum Sæluhelgarinnar, svokölluðum Mansavinum, var boðið til veislu í hátíðarlok. Elías Guðmundsson segir að staðurinn hafi ekki enn hlotið nafn og auglýsir eftir hugmyndum.

– hbb

250%

afsláttur af öllum  
vörum fimmtudag,  
föstudag og laugardag

Útsalan hefst mánudaginn  
17. júlí af völdum vörum



Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464



Austurvegi 2, Sími 456 4070





## „Strax farin að hlakka til næstu Sæluhelgar“

Sumarhátíðin Sæluhelgin á Suðureyri heppnaðist vel að sögn Ævars Einarssonar yfirmansavinar en félagið Mansavinir stendur að hátíðinni. „Sælan gekk alveg frábærlega vel og það var mikið af fólki og góð stemmning. Það rættist vel úr veðri á sunnudag og eftir leiðindaveðrið á laugardag var ekki hægt að hugsa sér það betra á lokadeginum svo allir fóru heim með sól í hjarta að loknu sælulútti.“

Hátíðin hófst á fimmtudag með frumsýningu leikfélagsins Hallvarðar Súganda á leikritinu Himnaríki eftir Árna íbensen í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar og tónleikunum Skítarokk í skurðinum. Að vanda var í boði margt til

skemmtunar á hátíðinni meðal annars kappróður um Vestfjarðabikarinn, kassabílarallí, Sæluhátíð á Sjöstjörnu og að sjálfsögðu hin árlega mansakeppni sem ávallt setur svip sinn á hátíðina.

„Við erum nú strax farin að hlakka til næstu Sæluhelgar en þá verður 20. mansakeppnin haldin og hátíðin verður stærri í sniðum. Ef til vill bætum við inn greinum fyrir breiðari aldurshóp. Jafnvel munum við taka upp greinar sem áður hafa verið vinsælar eins og nautaatið, en nú hefur kálfurinn stækkað, og hanaatið. Fólk kannast alveg við hvað ég er að tala um. En hver veit, þetta skýrist allt eftir ár“, segir Ævar. Páll Öundurson



var á Sæluhelginni og tók þar myndir munu birtast á svipmeðfylgjandi myndir. Fleiri myndum á [bb.is](http://bb.is) innan tíðar.

## Kristinn og Kristín sigruðu á Meistaramóti GÍ

Kristinn Kristjánsson sigraði í karlaflokki á Meistaramóti Golfklúbbs Ísafjarðar sem lauk á laugardag. Kristinn lék holurnar 72 á 304 höggum eða sex höggum minna en Sigurður Fannar Grétarsson sem varð í öðru sæti á 310 höggum. Þriðji varð Gunnlaugur Jónason á 314 höggum. Kristín Karlsdóttir sigraði í kvennaflokki á 205 höggum á 36 holum. Önnur varð Halldóra Kolbrún Benediktsdóttir á 229 höggum og þriðja varð Bjarney Guðmundsdóttir á 236 höggum.

Í 2. flokki karla sigraði Högni Gunnar Pétursson sem fór holurnar 72 á 337 höggum. Annar varð Einar Valur Kristjánsson á 357 höggum og þriðji varð Óli Reynir Ingimarsson á 366 höggum. Grét-



Kristín Karlsdóttir og Kristinn Kristjánsson sigruðu á Meistaramóti Golfklúbbs Ísafjarðar sem lauk á laugardag.

ar Sigurðsson sigraði í 3. flokki karla á 383 höggum, annar varð Guðni Ólafur Guðnason á 388 höggum og þriðji varð Sigurður Ólafsson á 389 höggum. Í unglín-

flokki sigraði Emil Pálsson á 199 höggum (36 holum), annar varð Óli Rafn Kristinsson á 229 höggum og þriðji varð Matthías Króknes Jóhannsson á 242 höggum. — [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is)



Kristinn Kristjánsson klúbbsmeistari GÍ þúttar á síðustu brautinni.





## Úrval af helgartilboðum

**Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 13 - 16. júlí**




**1.087** 100%

31%



Copyright © 2004 by Mosby  
An imprint of Elsevier



1.722

**30%**  
reduction

**Gotta  
Gourmet**  
Lambarels-  
smecken med  
hett, vitlök



1. **Introduction**  
 2. **Methodology**  
 3. **Results**  
 4. **Discussion**  
 5. **Conclusion**  
 6. **References**  
 7. **Appendix**  
 8. **Index**  
 9. **Table of Contents**  
 10. **Figure 1**  
 11. **Figure 2**  
 12. **Figure 3**  
 13. **Figure 4**  
 14. **Figure 5**  
 15. **Figure 6**  
 16. **Figure 7**  
 17. **Figure 8**  
 18. **Figure 9**  
 19. **Figure 10**  
 20. **Figure 11**  
 21. **Figure 12**  
 22. **Figure 13**  
 23. **Figure 14**  
 24. **Figure 15**  
 25. **Figure 16**  
 26. **Figure 17**  
 27. **Figure 18**  
 28. **Figure 19**  
 29. **Figure 20**  
 30. **Figure 21**  
 31. **Figure 22**  
 32. **Figure 23**  
 33. **Figure 24**  
 34. **Figure 25**  
 35. **Figure 26**  
 36. **Figure 27**  
 37. **Figure 28**  
 38. **Figure 29**  
 39. **Figure 30**  
 40. **Figure 31**  
 41. **Figure 32**  
 42. **Figure 33**  
 43. **Figure 34**  
 44. **Figure 35**  
 45. **Figure 36**  
 46. **Figure 37**  
 47. **Figure 38**  
 48. **Figure 39**  
 49. **Figure 40**  
 50. **Figure 41**  
 51. **Figure 42**  
 52. **Figure 43**  
 53. **Figure 44**  
 54. **Figure 45**  
 55. **Figure 46**  
 56. **Figure 47**  
 57. **Figure 48**  
 58. **Figure 49**  
 59. **Figure 50**  
 60. **Figure 51**  
 61. **Figure 52**  
 62. **Figure 53**  
 63. **Figure 54**  
 64. **Figure 55**  
 65. **Figure 56**  
 66. **Figure 57**  
 67. **Figure 58**  
 68. **Figure 59**  
 69. **Figure 60**  
 70. **Figure 61**  
 71. **Figure 62**  
 72. **Figure 63**  
 73. **Figure 64**  
 74. **Figure 65**  
 75. **Figure 66**  
 76. **Figure 67**  
 77. **Figure 68**  
 78. **Figure 69**  
 79. **Figure 70**  
 80. **Figure 71**  
 81. **Figure 72**  
 82. **Figure 73**  
 83. **Figure 74**  
 84. **Figure 75**  
 85. **Figure 76**  
 86. **Figure 77**  
 87. **Figure 78**  
 88. **Figure 79**  
 89. **Figure 80**  
 90. **Figure 81**  
 91. **Figure 82**  
 92. **Figure 83**  
 93. **Figure 84**  
 94. **Figure 85**  
 95. **Figure 86**  
 96. **Figure 87**  
 97. **Figure 88**  
 98. **Figure 89**  
 99. **Figure 90**  
 100. **Figure 91**  
 101. **Figure 92**  
 102. **Figure 93**  
 103. **Figure 94**  
 104. **Figure 95**  
 105. **Figure 96**  
 106. **Figure 97**  
 107. **Figure 98**  
 108. **Figure 99**  
 109. **Figure 100**  
 110. **Figure 101**  
 111. **Figure 102**  
 112. **Figure 103**  
 113. **Figure 104**  
 114. **Figure 105**  
 115. **Figure 106**  
 116. **Figure 107**  
 117. **Figure 108**  
 118. **Figure 109**  
 119. **Figure 110**  
 120. **Figure 111**  
 121. **Figure 112**  
 122. **Figure 113**  
 123. **Figure 114**  
 124. **Figure 115**  
 125. **Figure 116**  
 126. **Figure 117**  
 127. **Figure 118**  
 128. **Figure 119**  
 129. **Figure 120**  
 130. **Figure 121**  
 131. **Figure 122**  
 132. **Figure 123**  
 133. **Figure 124**  
 134. **Figure 125**  
 135. **Figure 126**  
 136. **Figure 127**  
 137. **Figure 128**  
 138. **Figure 129**  
 139. **Figure 130**  
 140. **Figure 131**  
 141. **Figure 132**  
 142. **Figure 133**  
 143. **Figure 134**  
 144. **Figure 135**  
 145. **Figure 136**  
 146. **Figure 137**  
 147. **Figure 138**  
 148. **Figure 139**  
 149. **Figure 140**  
 150. **Figure 141**  
 151. **Figure 142**  
 152. **Figure 143**  
 153. **Figure 144**  
 154. **Figure 145**  
 155. **Figure 146**  
 156. **Figure 147**  
 157. **Figure 148**  
 158. **Figure 149**  
 159. **Figure 150**  
 160. **Figure 151**  
 161. **Figure 152**  
 162. **Figure 153**  
 163. **Figure 154**  
 164. **Figure 155**  
 165. **Figure 156**  
 166. **Figure 157**  
 167. **Figure 158**  
 168. **Figure 159**  
 169. **Figure 160**  
 170. **Figure 161**  
 171. **Figure 162**  
 172. **Figure 163**  
 173. **Figure 164**  
 174. **Figure 165**  
 175. **Figure 166**  
 176. **Figure 167**  
 177. **Figure 168**  
 178. **Figure 169**  
 179. **Figure 170**  
 180. **Figure 171**  
 181. **Figure 172**  
 182. **Figure 173**  
 183. **Figure 174**  
 184. **Figure 175**  
 185. **Figure 176**  
 186. **Figure 177**  
 187. **Figure 178**  
 188. **Figure 179**  
 189. **Figure 180**  
 190. **Figure 181**  
 191. **Figure 182**  
 192. **Figure 183**  
 193. **Figure 184**  
 194. **Figure 185**  
 195. **Figure 186**  
 196. **Figure 187**  
 197. **Figure 188**  
 198. **Figure 189**  
 199. **Figure 190**  
 200. **Figure 191**  
 201. **Figure 192**  
 202. **Figure 193**  
 203. **Figure 194**  
 204. **Figure 195**  
 205. **Figure 196**  
 206. **Figure 197**  
 207. **Figure 198**  
 208. **Figure 199**  
 209. **Figure 200**  
 210. **Figure 201**  
 211. **Figure 202**  
 212. **Figure 203**  
 213. **Figure 204**  
 214. **Figure 205**  
 215. **Figure 206**  
 216. **Figure 207**  
 217. **Figure 208**


20%

**Keywords:** *depression, mood, mood disorder, mood disorder with anxiety, mood disorder without anxiety, mood disorder with anxiety, mood disorder without anxiety, mood disorder with anxiety, mood disorder without anxiety*




399.

Freight  
Risk: 100  
429 or



99

Pădurea rășinoasă  
 molido-pădușă  
 100 m




100

Planning for  
the future



99

**Figure 1** **Model**



99

**Estimated  
Total people  
1,500,000**



149

59 ..  
Interest  
acquir

## Samkaup **úrval**

Sævar Hjörvarsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins KNH á Ísafirði

# Trúir ekki að gefin loforð verði svikin

Sævar Óli Hjörvarsson hjá verktakafyrirtækinu KNH ehf. á Ísafirði segir að sér lítist vægast sagt mjög illa á aðgerðir ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum. „Það er gjör-samlega óskiljanlegt að draga seglin saman á Vestfjörðum og annars staðar á landbyggðinni vegna þess að það verður

lítið að gera í Reykjavík eftir tvö ár.“ Sævari finnst nær að fresta byggingu tónlistarhallar í Reykjavík og slá á þensluna þar sem hún er. „Það er svo hægt að byrja á henni aftur eftir tvö ár ef það vantar eitt-hvað að gera fyrir smíði fyrir sunnan, ef að það er sem pólitíkusarnir hafa áhyggjur af.“

Hann segir að það sé afar erfitt að starfa í þessum bransa þegar eilífar breytingar eru á tíma-áætlunum verka.

„Það var búið að gefa það út að stór verk yrðu boðin út í haust og auðvitað stílum við inn á það þó það sé ekki gefið að við fengjum verkin. Það eru verk að klárast hjá okkur í

haust og við litum til þessara verka.“ Sævar segir að sér gremjist þetta fyrst og fremst sem íbúa Vestfjarða. „Það er margbúið að lofa okkur þessum sjálfsögðu vegabótum og endalaust búið að svíkja gefin loforð og nú þegar pólitíkusarnir eru búnir að hamma á því að þetta verði gert í haust þá

er hætt við með einu pennastriki. Þetta er svo fátíðlegt að ég hreinlega trúir ekki að þetta verði gert.“

Verkefnastaða KNH er góð um þessar mundir og er þungamiðja starfseminnar í Svínadal, Borgarfirði og við uppgröft á lóð BYKO í Reykjavík. „Svínadalurinn ætti að

klárast í haust en verkinu átti að skila á næsta ári og í Borgarfirði er verið að vinna við lokafrágang.“ Lóð BYKO þar sem KNH eru að störfum er gríðarstór, en grunnflötur hússins er 30.000m² og segir Sævar að hann búist við að um 300 þúsund rúmmetrum af efni verði mokað þaðan.



Alls voru 113 mál send frá lögreglustjóranum á Ísafirði til Héraðsdóms Vestfjarða árið 2005.

## 113 mál frá lögreglustjóranum til Héraðsdóms

Alls voru 113 mál send frá lögreglustjóranum á Ísafirði til Héraðsdóms Vestfjarða árið 2005. Þar af voru gefnar út ákæru í 44 málum. Flestar ákæurnar varða minniháttar líkamsárásir, ölvunarakstur og fíkniefnalagabrot. Alls voru 69 sektarboð send Héraðsdómi til dómsáritunar.

Úrskurðir í þágu rannsóknar opinberra mála er

mikilvægt rannsóknarræði, bæði hvað varðar rannsókn á því hvort refsiverð háttsemi hafi verið framin og hins vegar umfang brots. Lögreglustjórnin á Ísafirði lagði fram 10 kröfur um úrskurði í þágu rannsókna opinberramála á árinu 2005. Þar á meðal voru kröfur um húsleitir og kröfur um skýrslutöku af barni undir 18 ára aldri.

Á árinu 2005 voru sendar

út 28 sektargerðir og um áramótin voru nfu þeirra greiddar. Fimm sektargerðir voru niðurfelldar og leddu þrjár til útgáfu ákæru en aðrar hlutu aðrar afgreiðslu. Ógreiddar sektargerðir fara til innheimtu og hefur verið samið við flesta um reglulegar niðurgreiðslur á sektunum.

– thelma@bb.is



Vestfjarðavíkingurinn hófst í Neðstakaupstað með þrautinni hönd yfir hönd.

## Stefán Sölvi nýr Vestfjarðavíkingur

Stefán Sölvi Pétursson sigraði í árlegri keppni aflraunanna um titilinn Vestfjarðavíkingurinn sem fór fram í fjórtánda sinn um helgina. „Keppnin var mjög spennandi og úrslitin réðust ekki fyrr en í lokagreininni en þar gulltryggt Stefán sér sigurinn“, segir Guðmundur Otri Sigurðsson, skipuleggjandi mótsins. Í öðru sæti var Georg Ögmundsson og Jón Valgeir

Williams var þriðji. Sjö aflraunamenn hófu keppni en Benedikt Magnússon meiddist og hætti eftir fyrsta daginn. Sex krafta-jötnar þreyttu því ýmsar þrautir á Ísafirði, Suðureyri, Þingeyri og á Dynjanda. „Við vorum mjög heppnir með veður á föstudaginn en það reyndi svolítið á okkur í lokaprautunum á laugardegnum“, segir Guðmundur Otri. Stefán Sölvi er yngsti

keppandinn sem hefur hampað titlinum Vestfjarðavíkingurinn en hann er títugur og tók þátt í fyrsta sinn í fyrri. Mótið hefur verið haldið á hverju ári síðan 1993 og er helsta aflraunmót landsins. Þess má geta að Magnús Ver Magnússon aflraunakappinn frægi sem unnið hefur Vestfjarðavíkinginn oftast, alls níu sinnum, var ekki með að þessu sinni heldur tók sæti dómara.

### ■ RITSTJÓRNARGREIN

## Reiði

Það er mikil reiði í Vestfirðingum þessa dagana. Eina ferðina enn eru þeir efstir á niðurskurðarlista ríkisvaldsins þegar það telur þörf á aðhaldsaðgerðum í ríkisbúskapnum. Vestfirðingar geta beðið; þeir hafa öðrum fremur lengri reynslu af vöndum vegum; þeir eru vanir því að þurfa að taka upp budduna til að greiða hærri flutningsgjöld, sem flutningafyrirtækin segja til komin af meiri orkunotkun á slæmum vegum; Vestfirðingar eru vondu vanir að mati framkvæmdavaldsins, sem líkt og fyrri daginn telur sig ekki þurfa að fara eftir því sem löggjafinn ákvarðar. Fróðlegt væri að gera samantekt á frestun vegafamkvæmda á Vestfjörðum í gegnum árin.

Síðari hluta árs 2005 rofaði til og svo virtist sem Vestfirðingar væru farnir að sjá til sólar. 2. sept. 2005 segir Kristján Kristjánsson, þá deildarstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði: „Enn er ekki mikið hægt að segja um væntanlega þverun Mjóafjarðar en það er alveg klárt að verkið verður boðið út á næsta ári.“ Tíu dögum síðar liggur fyrir að unnið er að hönnun svokallaðar „bogabruar“ yfir Mjóafjörð og lagningu Djúpvegjar eigi að ljúka árið 2008. Tæpum tveimur mánuðum síðar ritar forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Birna Lárúsdóttir, grein á bb.is. sem hún nefnir „Stórir áfangar í auglýsni“. Það væri þarft verk hjá BL að rifja upp fyrir þingmönnum NV-kjördæmis innihald greinarinnar, sér í lagi síðari hlutann! Hinn 16. mars s.l. er haft eftir Gísli Eiríkssyni, umdæmisstjóra hjá Vegagerðinni á Ísafirði, að Djúpvegur


um Reykjanes (þverun Mjóafjarðar) verði boðin út snemma sumars: „Það verður byrjað á þessu ári en aðalframkvæmdirnar verða 2007 og 2008.“ Af orðum umdæmisstjórnar verður vart annað ráðið en að stutt hafi verið í að útboðsgögn væru tilbúin. Nú bregður hins vegar svo við að sjávarútvegsráðherra lýsir því yfir í sjónvarpsviðtali á NFS að útboðsgögn verði ekki tilbúin fyrr en einhvern tíma á haustdögum! Svo hafi þingmönnum NV-kjördæmis a.m.k. verið sagt!

Hverju eiga Vestfirðingar að trúa. Í einn tíma er þeim sagt að ekki verði um neinn niðurskurð að ræða nema að höfðu samráði við sveitarstjórnir. Í annan stað er ákvörðunin sögð standa. Mótmæli fyrirtækja, sveitarstjórna og Fjórðungssambandsins þykja ekki pappírins virði. Málið er afgreitt! „Ég er ekki hlynntur frestun framkvæmda á Vestfjörðum. Í fyrsta lagi er það öryggismál og í öðru lagi byggðamál. Ef við ætlum að standa við fyrirheit um uppbyggingu í dreifbýlinu þá frestum við ekki slíkum framkvæmdum lengi eins og ástandið er“, segir form. samgöngunefndar Alþingis, Guðmundur Hallvarðsson.


Er meirihluti hjá löggjafanum fyrir gjörningi framkvæmdavaldsins? Er eina ferðina enn verið að undirstrika hvar valdið liggur? Fer að verða öfugmæli að tala um þingræði á Íslandi?

Reiði Vestfirðinga er mikil.

s.h.



## Aðeins Skjárinn getur fært þér allar þessar sjónvarpsrásir




Sú nærð öllum þessum stöðum í bestu mögulegu hljóð- og myndgæðum með Skjárnum.

Ekki stöngjöld og líf uppsetning.  
Toppakkiinn er frí fyrsta mánuðinn.

Fáðu þér Skjárinn núna og njóttu þessa að hafa frábært úrval af sjónvarpslíni.

Toppakkiinn kostar aðeins 1.990 kr. á mánuði.  
Enski boltinn kostar aðeins 1.990 kr. á mánuði.

Komdu við í næstu verslun Símons eða hringdu í 800 7000.

 **Skjárinn**  
- á þínu valdi



# Áréttar kröfu um að staðið verði við vegaframkvæmdir

Bæjarráð Bolungarvíkur lagði fram eftirfarandi bókun á fundi sínum í síðustu viku vegna hugmynda ríkisstjórnarinnar um niðurskurð í vegamálum: „Bolvíkingar hafa lengi barist fyrir bættum samgöngum til og frá bænum. Það þekkir öll þjóðin. Óshlíðarvegurinn er einn af hættulegustu vegum landsins. Hann er eina samgönguæðin til og frá Bolungarvík. Í vetur lofaði ríkisstjórnin framkvæmdum

til bættra samgangna við Bolungarvík. Engar niðurstöður hafa enn birst á þeim rannsóknunum sem staðið hafa yfir þar að lútandi en samkvæmt síðustu fréttum er þeirra að vænta á næstu vikum. Nú þegar fréttir berast af niðurskurði á vegaframkvæmdum vegna penslu í þjóðfélaginu, veldur það Bolvíkingum áhyggjum. Verður enn eina ferðina frestað framkvæmdum til bættra samgangna til og frá Bolung-

arvík?

Fréttir berast af frestun vegagerðar á fleiri stöðum á Vestfjörðum. Hvernig má það vera að frestað verði endurbótum vega á stöðum þar sem vart er hægt að segja að vegir séu til staðar miðað við nútímakröfur. Má þar m.a. nefna þá staði í Ísafjörðardjúpi sem ekki hefur verið lokið við. Bæjarráð Bolungarvíkur áréttar þá skýlausu kröfu að ríkisstjórnin haldi áætlun um að

tryggðar verði öruggar samgöngur til og frá Bolungarvík og haldi sig auk þess við þær áætlanir sem eru á vegaaætlun í Ísafjörðardjúpi í sumar.

Þá minnir bæjarráð Bolungarvíkur á að áætlaðar eru endurbætur á Bolungarvíkurhöfn sumarið 2007. Þeim framkvæmdum má alls ekki fresta, enda höfnin lífæð þeirrar atvinnustarfsemi sem nú er sterkust í Bolungarvík.“

– thelma@bb.is




Bolungarvík.



## Leiðin upp á Bolafjall opnuð

Bolafjallsvegur ofan Bolungarvíkur var opnaður í umsjón Vegagerðarinnar þann 1. júní eins og undanfarin ár. Um er að ræða útsýnisveg að Ratsjárstöðinni á fjallinu, 3,5 km að lengd frá Skálavík-urheiði. Vegurinn verður opinn almennri umferð til 31. ágúst. Árið 2002 náði Vegagerðin samkomulagi við eigendur vegarins og ratsjárstöðvarinnar um afnotaleyfi af honum en hann hafði þá verið lokaður fyrir almennri umferð um árabil.

Vegurinn upp Bolafjall var gerður á níunda áratugnum vegna byggingar ratsjárstöðvar á fjallinu og var opinn almennum borgurum fyrstu tvö árin en var síðan lokað. Nú er vegurinn opinn yfir sumartímann. – thelma@bb.is



Steingrímur Einarsson með hjólið góða.

# Ólafur Ragnar færði Bush veiðihjól frá Rennex að gjöf

Í móttöku á Bessastöðum í síðustu viku færði Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands George Bush eldri, fyrrverandi Bandaríkjaforseta veiðihjól frá Rennex að gjöf.

Fluguveiðihjólin frá Rennex eru hönnuð af Steingrími Einarssyni rennismið og hafa verið í þróun undanfarin þrjú ár. Í vor færði Ólafur Ragnar Karli Gústafi Svía konungi eitt

slíkt hjól að gjöf í tilefni af sextugs afmælis konungs. Að sögn Steingríms eru stórfyrirtæki áhugasöm um veiðihjólin og hugsa þau þá sem gjafavöru fyrir viðskiptavinum sem og aðra.

Bush snæddi kvöldverð í boði forsetahjónanna á Bessastöðum í gær en í dag heldur hann til laxveiða í boði Orra Vigfússonar formanns Norður-Atlantshafs fiskverndarsjóðsins.

Bush hefur einu sinni áður komið hingað til lands þegar hann gegndi embætti varaforseta í forsetatíð Ronalds Reagans og renndi hann þá fyrir lax í Þverá og Kjarra.

● Sælkeri vikunnar • Halldóra Brynjólfssdóttir á Ísafirði

## Tveir réttir með mexíkósku ívafi

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir sem hún eldar nokkuð oft. Fyrri uppskriftin eru fylltar totilla kökur, eða fajitas en mexíkanskur matur er í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Uppskriftin er ætluð fyrir fjóra. Seinni rétturinn sem er kjúklingasalat sem Halldóra í raun bjó til fyrir nokkrum árum og það má eiginlega segja að það sé með smá mexíkósku ívafi. Magnið fer bara eftir því hvað er verið að útbúa fyrir marga.

**Fajitas pönnukökur**  
1 pk. Tortillas pönnukökur 8 stk  
3-4 kjúklingabringur

1. pk. Fajitas krydd (best frá casa fiesta)  
1. taco sósa  
1. salsa sósa  
1. ostasósa  
Paprika  
Sveppir  
Rauðlaukur  
Mais baunir  
Rifinn ostur

Skerið kjúklinginn í smáa bita og steikið upp úr hálfum pakka af kryddinu. Skerið einnig grænmetið niður og bætið á pönnuna og látið malla aðeins áður en sósunum og restinu af kryddinu er bætt út í og öllu hrært saman og látið hitna aðeins en þó ekki látið sjóða. Setjið þetta svo inn í

pönnukökurnar og þeim rúllað upp og settar í eldfast mót og ostinum dreift yfir. Að lokum er þetta svo sett inn í ofn við 180° í ca. 20 mín. Þangað til osturinn er orðinn smá brúnn. Berið síðan pönnukökurnar fram með hrísgrjónum, salati og sýrðum rjóma. Þessi réttur er í raun eitthvað sem hægt er að sníða að eigin smekk og þá er jafnvel hægt að setja nautakjöt, svínakjöt eða bara grænmeti inn í pönnukökurnar og svo er líka hægt að nota bara hálfan pakka af kryddinu ef fólk er ekki hrifið af bragðmiklum mat.

**Kjúklingasalat**  
Kjúklingabringur

Iceberg kál  
Tómatar  
Gúrka  
Paprika  
Rauðlaukur  
Maís  
Doritos, brytjaðar vel niður  
Feta ostur (má þó sleppa)

Steikið kjúklingabringurnar upp úr fajitas kryddi og athugið að nauðsynlegt að bæta aðeins vatni við kryddið áður en það er sett út á kjúklinginn og jafnvel að láta kjúklinginn liggja aðeins í því áður en hann er steiktur. Berið salatið fram með hvítlauksbrauði eða annarskonar heitu brauði. Eins og með Fajitas réttinn er hægt að sníða salatið að eigin



smekk en þó myndi ég segja að kryddið og doritos flögurnar skipta miklu máli en þó er ekki gott að blanda snakkinu við salatið fyrr en rétt áður en það er borið á borð, því annars verður það of blautt. Ég skora á Elísabetu Samúelsdóttur að verða næsti sælkeri vikunnar.



# Flestir erlendir ríkisborgarar á Flateyri

Í maí 2005 voru skráð 364 atvinnuleyfi til útlendinga í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði. Flest leyfin eru vegna vinnu við fiskvinnslu. Hlutfallslega var mestur fjöldi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Flateyri árið 2004 eða 35% íbúa. Þetta kemur fram í lokaverkefni þriggja lögreglumanna á norðanverðum Vestfjörðum í stjórnunar-námi Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntunar Háskóla

Íslands um útlendingaeftirlit. Eftirlit lögreglu er viðhaft við ýmsa vegu, t.a.m. er farið í fyrirtæki þar sem útlendingar starfa og starfsmannalisti borinn saman við útgefn dvalar- og atvinnuleyfi. Þá er persónueftirliti sinnt við komur erlendra skipa og flugvéla til landsins og áhafnar- og farþegalistar athugaðir í samræmi við reglur Shengen samningsins, en samkvæmt honum er Ísafjarðarhöfn ytri

landamærastöð, sem sé staður þar yfirvöld heimila að farið sé yfir ytri landamæri. Ljóst er að eftirlit með útlendingum er ört vaxandi þáttur innan verkswiðs lögreglunnar og mikilvægt að vel sé haldið á með skipulögðu eftirliti“, segir í árskýrslu sýslumannsins á Ísafirði. Þess má geta að engin hæl- isbeiðni kom inn á borð lög- reglu árið 2005.

– thelma@bb.is



Hlutfallslega var mestur fjöldi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Flateyri árið 2004 eða 35% íbúa.



## Mikil aukning í bílasölu á Ísafirði

Mjög líflégt hefur verið hjá bílasölum á landinu undanfarna mánuði og eru ís- firskar bílasölur þar ekki undan skildar. Að sögn Bergmanns Ólafssonar hjá Bílatanga á Ísafirði hefur verið gríðarleg sala á bílum síðustu mánuði og segist hann ekki muna eftir öðru eins. Fyrstu fimm mánuði ársins hafi aukning í sölu verið 22% á landsvísi mið- að við sama tíma í fyrra, en ekki er búið að taka saman tölur fyrir fyrstu sex mánuð- ina. Bergmann segir að það sem af er þessu ári hafi selst meira af bílum en allt síð-

asta ár en eitthvað er farið að hægja á sölnunni. Býst hann við að í lok árs verði salan með svipuðu móti og í fyrra, en það var mjög gott ár fyrir bílasala. Verð hefur verið að hækka undanfarið í kjölfar gengislækkunar og fyrrsjá- anlegt er að verðið hækki frekar. Í fyrra og frameftir hausti var verð mjög lágt þar sem gengi íslensku krónunnar var hátt. Mjög mikið var flutt inn af bílum frá Bandaríkjunum í fyrra en vegna gengissigs er sá innflutningur að mestu leyti hættur.

– smari@bb.is



Frá bókabúðinni á Flateyri.

# Margir litið inn í gömlu bókabúðina á Flateyri

Sýning hefur opnuð í einu elsta húsi Flateyrar, gömlu Bókabúðinni, en að henni standa Minjasjóður Öfundarfjarðar og Byggðasafn Vestfjarða. Þar hafði þá verið verslun- arrekstur í tæp 100 ár, lengst af verslanirnar Bræðurnir Eyjólfsson og Bókaverslun Jóns Eyjólfssonar. Húsið á sér því merkilega sögu og er ein- stakt að því leyti að það

hefur varðveist í því sem næst upprunalegu horfi ásamt öllum innréttingum og innbúi kaupmanns- hjónanna Guðrúnar Arnbjarnardóttur og Jóns Eyjólfssonar. „Við erum mjög ánægð með hve margir hafa kíkt við síðan við opnuðum. Þeir sem komið hafa eru mjög ánægðir með þetta finnst þetta bæði sérstakt og skrítið“, segir Jóhanna

Kristjánsdóttir ein þeirra sem stendur að sýning- unni. Sumarið 2003 festi Minjasjóður Öfundar- fjarðar kaup á húsinu sem er að Hafnarstræti 3-5 sem er byggt árið 1898 og hef- ur síðan verið unnið að ýmsum endurbótum. „Hérna er blanda af söfn- um, hér má t.d. finna upp- lýsingum um sögu byggða- safnsins og svo býðst gest- um kostur á að kíkja á

heimili kaupmannshjón- anna. Einnig erum við með fornþókamarkað og sel- um smá varning með en ekkert í stórum stíl“, segir Jóhanna. Opið er alla daga frá kl. 14-17 og verður opið til 20. ágúst. „Sýningin er tilraun sem vonum að það verði til þess að styrkja starfsemina svo við getum alltaf haft opið á sumrin“, segir Jóhanna.

– thelma@bb.is

**Guðjón Arnar Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins í NV-kjördæmi**

# „Fundurinn jók ekki á bjartsýni gamals Vestfirðings“

Þingmenn Norðvesturkjör- dæmis funduðu í síðustu viku með samgönguráðherra um frestanir á vegaframkvæm- um í kjördæminu. Guðjón Arnar Kristjánsson þingmaður Frjálslynda flokksins segir að á fundinum hafi ekkert nýtt komið fram, öllum fram- kvæmdum hafi verið frestað og engin svör að fá um nánari

tímasetningar. „Ég verð nú að segja að fundurinn jók ekki á bjartsýni gamals Vestfirðings. Það var farið yfir verkefna- stöðuna í kjördæminu og flest stærri verk eru komin í útboð nema á Vestfjörðum.“ Guðjón segir að það sé óþolandi til þess að hugsa að einungis vegna þess hvenær á árinu verkin áttu að fara í útboð



Guðjón Arnar Kristjánsson.

skuli þeim verða frestað. „Þessi lína er dregin á ákveðnum degi, algjörlega burtséð frá mikilvægi fram- kvæmdanna. En við höfum séð þetta áður hjá ríkisstjórn- inni, samanber flýtiféð sem sett var í vegagerð fyrir kos- ingar 2003 sem var svo öllu náð til baka með niðurskurði til vegamála næstu þrjú árin á

eftir.“ Guðjón bendir á að verið sé að ganga þvert á samþykktir og lög Alþingis og þó svo að ríkisstjórnin hafi vissulega þingmeirihluta þá þurfi að fara rétt að hlutunum. „Við báðum samgönguráðherra um að svara hvornig verður með fjár- veitingar til vegamála á næsta á ári en fengum engin svör,

sömuleiðis með tímasetningu á hvenær þessum frestunum verði aflétt. Vegagerð á Vest- fjörðum hangir í lausu lofti og enginn veit neitt. En hver veit nema stjórnarflokkarnir komi með einhverja bombu fyrir kosningarnar að ári. Það gerðu þeir síðast,“ sagði Guð- jón Arnar Kristjánsson.

– smari@bb.is



# Finnboga þáttur Hermannssonar

Þegar blaðamaður fór að hitta útvarpsmanninn og rithöfundinn Finnboga Hermannsson á heimili hans við Bakkaveg í Hnífsdal bar hann bókstaflega að garði. Finnbogi stóð og púaði pípuna yfir matjurtunum, hvítkáli, kartöflum, salati og fleiri kálum, beygði sig svo niður og bagsaði við að laga dúk sem dreginn hafði verið yfir jurtunum til hlífðar. „Ég hef verið að reyna að eitra fyrir maðki í garðinum mínum“, segir Finnbogi þegar hann hefur lokið við að koma dúknum fyrir. „Þetta helvíti drepur allt.“ Svo göngum við um garðinn og hann flettir utan af hverju laufblaðinu á fætur öðru sem maðurinn hefur púpað sig í. Sumir hafa lifað eitrunina af, aðrir eru afvelta og dauðir. Það er ekki annað að sjá en að þrátt fyrir maðkinn sé garðurinn bærilega blómlegur, fyrir utan veglegan matjurtagarðinn eru elstu trén í garðinum frá því upp úr 1960 og eru skrímsl að stærð á íslenskan mælikvarða. Þegar Finnbogi hefur lokið við að sinna trjám og káli býður hann blaðamanni inn fyrir, og skenkir honum kaffi í betri stofunni.


– Nú ert þú kunnur bílaáhugamaður, Finnbogi, hverjar eru þínar fyrstu minningar af bílum?  
„Ég er náttúrulega fæddur á þeim tíma sem vélaöld er að renna upp í landinu, fæddur árið 1945. Á þeim tíma er allt fullt af alls kyns tækjum og tólum eftir Bretana og Ameríkanana. Það kom slíkur bíll

inn á heimilið þar sem ég var borinn inn ómálga. Það var Bedford hertrúkkur, trekvartonn, þrír fjórðu úr tonni. Hann var frá Royal Air Force og var merktur RAF – konunglega breska flughernum. Trúkkurinn var í fullum herklæðum. Pabbi keypti þennan bíl árið 1946 fyrir þrjú þúsund krónur. Það var bylting á heimilinu að fá bíl. Pabbi notaði bílinn náttúrulega í vinnu, hann var húsgagnasmiður. Þetta var hans farartæki. Fljótlega smíðaði pabbi á hann mjög fint boddí og eftir það var bílinn notaður sem húsbíll. Það var ekki mikið um svona bíla í þá daga, það var að vísu til mikið af hálfkassabílum sem fólk notaði í Þingvallaferðir og aðrar útilegur. En á þennan var smíðað alvöru boddí og það var sofið í honum. Við fórum alltaf í honum til Þingvalla. Ég hef ekki verið nema átta mánuði þegar farið var með mig í fyrsta skipti í útilegu, fyrsta sumarið sem ég lifði. Í Beddanum voru bekkir sem notaðir voru sem langrekkjur um nætur. Þetta er mjög sterkt í barnsminninu, þessar Þingvallaferðir. Þarna var legið úti í heila viku og jafnvel lengur, og þá vorum við ýmist í tjaldi eða í Beddanum. Foreldrar mínir sváfu með mig í Bedfordinum og bjuggu um mig í ölkassa, það var vaggan mín. Svo var bleyjubvotturinn og þá var strengd snúra í spegilinn á Beddanum og í birkitré á Þingvöllum. Við fórum á bát og veiddum í sodið, það var silungur í matinni í annað hvert mált.“

## „Fiskiflugan suðaði og fuglinn söng“

– Hversu langt var þetta ferðalag árið 1946 í Bedfordinum?

„Bílinn var 1940 módel, það er gott að hafa það í huga. Það hefur líklega tekið upp undir tvo tíma að keyra austur. Bílinn var mjög hægferðugur, hann komst á 60 kílómetra hraða og þótti gott. Þetta var því helvíti mikil reisa austur. Svo sauð á honum og það þurfti að bæta vatni á hann á leiðinni; þetta var allt eftir bókinni. Mér er mjög minnstætt þegar keyrt var niður Almannagjá. Í þá daga mátti keyra um gjána, það er ekkert svo langt síðan það var bannað. Kannski þrjátíu ár. Í minningunni var alltaf glaða sól-



skin í þessum útilegum, fiskiflugan suðaði og fuglinn söng. Þetta var dýrðartími.

Á þessum tíma gerðu menn við allt sjálfir og pabbi gerði oft við þennan bíl. Við bróðir minn, sem er ári yngri, við fylgdumst mikið með því öllu saman. Við vorum eiginlega orðnir rútínaraðir í öllu um bílinn kornungir. Fylgdumst með pabba skipta um gir, gaf inn og startaði. Það var alltaf svolítill athöfn að starta Beddanum. Startarinn var af þeirri týpu sem togað var í. Það var enginn lykill að þessu bíl, bara sviss. Svo var togað í startarann upp á von og óvon að bíllinn færi í gang. Þessir bílar voru nú samt frekar fullkomnir. Bedfordinn var með sex sýlendra toppvindlávél og því sem kallað var gegnumboruð-hann var ekki með ausumótör

eins og Chevrolettinn. Þetta var GMC framleiðsla. Bedford hefur verið aðalvörubílagtegundin fram undir þetta á Englandi. Það er nýhætt að framleiða þessa bíla, þeir voru framleiddir í Luton, og þar voru Vauxhall líka framleiddir. Ef maður horfir á breskar bíómyndir þá eru sjúkrahúsarnir allir af Bedford-tegund, þessir klunnalegu bílar. Síðan fór maður tíu-tölf ára gamall að hjálpa pabba að gera við.“

– Það hefur verið meira fíff því fylgjandi í gamla daga að eiga bíl en nú er?

„Já, já. Menn urðu að vita allt um sinn bíl, út í hörgul hvernig hann fúngerði.“

Síðan þegar ég eltist var ég sendur í sveit austur í flóa, þar var bílaverkstæði að Litlu-Reykjum, og þar var auðvitað verið að gera við bíla og vélar alla daga. Síðan eignaðist

maður sjálfur bíl í fyllingu tímans og gerði við hann sjálfur. Það hefur út af fyrir sig verið ágætt, því það er auðvitað praktísk kunnátta að geta bjargað sér. Ekki síst á Vestfjörðum þar sem vegir eru illfærir og hundruð kílómetra til verkstæðis. Ég er ennþá alltaf með verkfæratöskuna í skottinu ef eitthvað skilti gerast, og til að redda öðru fólki sem lendir í vandræðum auðvitað.“

## Af glæsivögnum

– Hverjar eru fallegustu kerrurnar sem þú hefur átt?

„Ég átti Mercury Monterey '54 ásamt systur minni sem var keyptur af ekkju norska sendiherrans. Hún hét Nancy þessi kona. Ég borgaði 25 þúsund fyrir bílinn árið 1970. Þau hjónin komu með bílinn

til Íslands og var notaður sem sendiráðsbíll. Svo dó sendiherrann í starfi og ég keypti bílinn af ekkjunni. Þetta var átta sýlendra bíll, 256 kúbik. Þetta var mjög finnbíll, alveg óskemmdur og ekkert keyrður.

Svo átti pabbi líka flotta bíla. Hann átti Ford Galaxy 500 XL sem var með þrem blöndungum, 405 hestöfl. Tveggja dyra, ægilegur kaggi. Innréttingin í honum var mjög svipuð innréttingunni í Ford Firebird. Fjögurra grá og beinskíptur, sem var mjög sjaldgæft með bíla af þessu tagi. Svo átti hann Chrysler '56, takkaskiptan. Það var ekkert „park“ á þessum bílum, heldur notaði maður drifskafthandbremsuna. Maður hafði það svo fyrir vana þegar maður lagði honum í einhverjum halla að snúa dekkinu í rétta átt að gangstéttinni, ef handbremsan myndi gefa sig. Síðan hafa þetta ekki verið merkilegir bílar í minni eigu í seinni tíð. Patrol-jappa eignaðist ég, sem var bensínbíll, '87 módel sem ég keypti á uppboði hjá ríkinu. Það er ágætur bíll og gengur enn. Sex sýlendra. Ég hef nú samt aldrei haft neitt sérstaklega gaman af jeppum. Ég átti rússajappa og Land Rover og Willys-jappa; mér þykja þetta ekki skemmtileg farartæki.“

– Hvernig rússajappa áttirðu?

„Það var GAZ-69 '56 módel, svona herforingjabíll, upphaflega fjögurra dyra. Bensín-tankurinn var að aftan en ekki undir framsætinu eins og tíðk-  
aðist. Hann var með húsi sem hafði verið smíðað á hann af hvítasunnumönnum í Kirkjúlækjarkoti í Fljótshlíð.“

– Það var alveg lenska á landinu er það ekki að byggja íslensk hús á þá?

„Jú, jú. Það var byggt yfir rússajappana víða. Það voru Egilshús, Kristínshús, Bíla-smíðjuhús, og húsini úr kotinu eins og þau voru kölluð. Kaupfélagið á Selfossi smíðaði yfir mjög marga. Svo byggðu menn yfir þau sjálfir alls konar hús. Þetta voru blæjubílar, og helvíti góðir. Vélarvana en þeir voru mjög góðri fjöðrun, það var einhver sérstakur rússneskur viður hafður á milli fjaðrablaðanna.

Í dag eru bara tveir bílar á skrá á þessu heimili. Konan mín á Cherokee jeppa, átta sýlendra, sem var keyptur í Sölnufindinni fyrir sjö árum.



Síðan er Volvo hérna, sem er ekki á númerum, og annar í varahluti. Ágætur Volvo, sem er til sölu ef einhver vill athuga það mál. Þetta er nýskoðaður bíll sem hefur verið í skúrnum í vetur. Síðan keypti ég Benz í vor austan af Selfossi. Þetta er reyndar bíll sem var lengi í Hveragerði, Ásgeir Sigurvínsson er talinn hafa flutt hann inn árið 1991. Þetta er það sem heitir 126-týpan, sams konar bíll og hann á Dúddi Halldórs. Bíllinn hans Dúdda er auðvitað sérstakt fyrirbæri, sá besti á landinu að ég tel. Enda forsetinn keyrður í honum.

Þessi Benz minn er bæði með loftkælingu og hraðastilli, eða „cruise-control“ og þaklúgu. Það er allt í þessum bíl og mjög þægilegt að ferðast í honum. Þetta er mjög fínt eintak sem ég náði í fyrir tilföllum góðan pening. Annars kosta Benzar ekki mikla peninga á Íslandi. En þeir eru dýrir í Bandaríkjunum, þessi týpa. Maður sér það á uppboðsvefnum Ebay þar sem menn eru að bjóða í þetta.“

– Veistu eitthvað hvað veldur?

„Þetta eru bílar sem hafa alveg enst, og oft á tíðum er sami eigandinn að þeim. Amerísku Benzarnir eru yfirleitt með öllu, og oftast en ekki langir, selir sem kallað er, SEL.“

– Það hefur nú löngum þótt móðins í Bandaríkjunum að hafa langt undir rassgatinu.

„Já, eða eins og Dagur skáld Sigurðarson kallaði það; hann kallaði svona farartæki „meðvitaða breikkun á raskati“, eins og kunnugt er og á vel við.“

En ég er búinn að keyra nýja Benzinn suður og hann sló ekki feilpúst.“

## Í-1562 á vesturleið

– Á hvernig bíl keyrðirðu vestur þegar þú komst fyrst?

„Það var Renault 10. Ég var fátækur og pabbi gaf mér þennan bíl. Ég fór með hann í númeraskipti inn í bílaeftirlit og setti á hann Í-númer; Í-1562 man ég. Það var þegar Bílaeftirlit Ríkisins var og hét, þar unnu afar vingarlegir menn og hann sagði við mig maðurinn þar sem skoðaði hann: „Farðu nú bara með hann út af planinu áður en ég klippi af honum.“ Svona var húmorinn þar. Það var hræðileg stofnun. Það snýttu margir, bæði menn og bílar, rauðu eftir bílaeftirlitsmennina sem voru að skoða þarna. Menn fengu alveg ótrúlegar viðtökur þar. Þetta var nú samt með einhverjum undantekningum, það voru ágætir menn þarna innanum sem kunnu mannasiði. En það voru margir sem ekki kunnu neina mannasiði og litu á viðskiptavinina sem bófa og bílana sem falsaðar druslur. Þetta voru nú bara ríkisstarfsmenn á lágum launum, margir hafa varla átt bót fyrir boruna á sér.“

– Hvaða ár keyrðu Renaultinn vestur?

„Það var 1978 sem ég kom hingað með konu minni, Hansínu Guðrúnu Garðarsdóttur. Ég keyrði vesturleiðina og man það að þurrkurnar voru alltaf að detta út á honum. Ég þurfti alltaf að vera laga öryggishúsi á honum. Þetta var í júnímánuði ef ég man rétt og það var hagléi og rigning á leiðinni. En þetta gekk. Ég átti þennan bíl í eitt ár og þá henti ég honum. Hann endaði á haugunum á Núpi í Dýrafirði þar sem ég bjó. Þessi bíll var mjög lélegur, en það var ágætt að keyra hann, mjúkur og góð sætin í honum eins og tamt er um franska bíla.“

– Eruð þið frúin barnlaus þegar þið komið vestur?

„Konan mín átti eitt barn fyrir og síðan eignuðumst við tvö börn hér á Vestfjörðum. Auður Finnboðadóttir fæddist fljótlega eftir að við komum vestur, árið 1979. Hún fæddist á Ísafirði í nóvember og ég man það var allt á kafi í snjó. Ég ætlaði að fara á Ísafjörð að sjá barnið. Við áttum Toyota bíl, stóran station bíl. En það var allt kafófært. Ég reyndi að komast yfir Gemlu-fallsheiði og menn skulu nú ekki vanmeta hana því hún var mikill farartálmi og þar gat gert brjáluð veður og kafa-ófærð. Ég var á keðjum og hvaðeina, en það þýddi ekkert og ég sá ekki barnið fyrr en eftir viku þegar slotaði og Vegagerðin ruddi.“

Það var á Núpi sem ég byrjaði þessa útvarpsmennsku. Þá var ég með þátt sem hét því frumlega nafni „Að vestan“. Það var með umráði Baldurs Pálmasonar sem að þá var dagskrárfulltrúi, var með barnatímann í gamla daga og var útvarpsþulur – menn voru allt í öllu í þá daga. Það komu alltaf tæknimenn vestur með segulbandið. Þeir komu fljúgandi í Holt og ég sótti menn þangað og við förum út og suður til að taka upp þætti. Ef ég man rétt voru þetta vikulegir þættir til að byrja með. Ég gerði þetta meðfram kennslu í Núpsskóla.

Í kjölfarið á þessu fór ég í ýmsa þáttagerð. Við klipptum meira að segja stundum þættina hér fyrir vestan, með skærum. Tæknimenn festust oft hér sökum ófærðar og þetta var mikil ævintýramennska. Svo er ég bara viðloðandi þáttagerð alveg þangað til að ég var ráðinn í hálfstarf, 1986. Allt gerist nú með snigilshraða hjá útvarpinu. Hér hafði verið fréttaritari hjá Ríkisútvarpinu, Magnús Reynir Guðmundsson, og ég var ráðinn í hálfstarf sem fréttar- og dagskrárgerðarmaður. Þá erfði ég segulbandstæki frá Magnúsi Reyni, Sony-kassettutæki. Fyrst tók ég bara upp á það hérna heima en svo var leigt herbergi á þriðju hæð við Aðalstræti 22. Þar fékk ég sem sagt athvarf. Ekki aðstöðu heldur athvarf. Þá var sent tæki vestur sem var kallað Comrex, hollenskt apparat. Í gegnum Comrexíð var hægt að senda inn fréttir á tveimur línunum. Þetta var hræðilegt



tæki og gæðin voru alveg voðaleg. Það var eins og maður væri ofan í tunnu að hlusta á þetta.

Eftir árið er ég svo ráðinn í fullt starf sem fréttar- og dagskrárgerðarmaður. Ég var náttúrulega undir heraga fréttastofunnar í sambandi við fréttir. Fréttastofan vildi engar niðurgreiddar fréttir, eins og hefur gjarnan verið hjá fréttastofunni, einhverja upptalningu á fiskirí og veiði í húnvetnskum ám, líkt og hjá Grími Gíslasyni, sem er nú reyndar enn að á tíræðisaldri og er með fína pistla.

Síðan gerist það að ég fæ heila hæð þarna uppi, og ég sem að ég hafði með að gera tveð eldhús. Svo kemur að því eftir þrjú ár að tekin er ákvörðun um að stofna Svæðisútvarpið. Þá var komið svæðisútvarp á Egilsstöðum; Inga Rósa Þórðardóttir var þar. Þá

er tekin á leigu neðsta hæðin í þessu húsi, þegar Brunabótafélagið flutti í Stjórnsýsluhúsið. Það heitir nú VÍS.

Á neðstu hæðinni var komið upp hljóðstofu. Plássíð var nú lítið, og það var ekki gert mikið í öðru en að koma upp hljóðstofunni. En þetta var alvöru hljóðstofa og hún er enn á sínum stað og stendur fyrir sínu. Runólfur Þorláksson, tæknimaður, sem nú er yfirmaður hljóðtækni í Efstaleitinu, hann kom vestur og setti þetta upp við annan mann. Þetta var svo opnað við hátíðlega athöfn. Atli Rúnar Halldórsson var eins konar guðfaðir þessa og kom vestur til að vera með í fyrstu útsendingunni, sem var í nóvember '89. Það hafði þá orðið einhver frestun vegna verkfalls. Síðan þá hefur þetta nú bara rúllað og árin orðin nokkur.

Síðan fjölgaði náttúrulega

fólki. Það þurfti að ráða tæknimann og auglýsingamann-eskju, og nú er þarna tvö og hálf stöðugildi í fréttum og þar með er deildarstjórinn innifalinn. Á þessum tíma hafa auðvitað orðið miklar breytingar hérna á Vestfjörðum, og landsbyggðinni sem heild. Kvótakerfið kemur og þá náttúrulega verða umskipti, eins og þarf væntanlega ekki að benda Vestfirðingum á.“

## „Hvað höfum við gert af okkur?“

– Hvernig hefur svo þróunin verið í fréttamennskunni frá því þú byrjaðir?

„Vinnan og starfsemin er náttúrulega fjölbreytt. Þegar verið er að fjandskapast út í frestun vegna verkfalls. Síðan þá hefur þetta nú bara rúllað og árin orðin nokkur. Síðan fjölgaði náttúrulega

þáttagerð í gegnum tíðina, ætli séu ekki komnir einir þúsund Laufskálar þar sem Vestfirðingar hafa dásamað byggðina sína. Hér voru líka laugardagsþættirnir í Vikulokin, og ýmis þáttagerð; hátíðarþættir ýmsir, þættir gerðir um jól, á sjómannaþingi, á páskum og um hvítasunnun. Skíðavikuútlarp var sent út lengi framan af, á meðan einhverjir aurar voru til. Þá voru yfirleitt útsendingar frá 16-19 frá fimmtudag fram á sunnudag eða mánudag á skíðaviku.“

Hvenær hófust svo sjónvarpsútsendingar?

„Það kom nú til þannig að hér hafði verið fréttaritari Sjónvarpsins, Hafþór Gunnarsson, og það byrjaði náttúrulega eins og allt hjá þessari stofnun í einhverju brífarí. Það var bara byrjað að búa til fréttir. Ég man ekki hvað eru kom-

– framhald í næstu opnu.



Smáauglýsingar

Til sölu er lítið (62m²) einbýllis-hús með áföstum hjalli að Skóla-vegi 1, í Hnífsdal. Húsið getur selst með innbúi. Upplýsingar í síma 869 4566.

Óskum eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu í Reykjavík sem fyrst. Er-um með eitt barn. Reyklaus og reglusóm. Uppl. gefa Jens Þór og Katrín Árna í sínum 866 4864 eða 866 4964.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í efri bænum. Laus 1. ágúst. Uppl. í síma 456 5445.

Til sölu er Toyota Corolla Tour-ing, árg. 91, ekin 113 þús. km. Góður bill. Uppl. í sínum 456 3528 eða 892 8230.

Til sölu er bókahilla á kr. 3.000, kommóða á kr. 5.000, hillusam-stæða á kr. 15.000 og leðurhorn-sófi á kr. 120.000. Upplýsingar í síma 867 9920.

Til leigu er 3ja herb. íbúð mið-svæðis í Reykjavík frá og með 1. ágúst. Uppl. í síma 891 7731.

Til sölu er vel með farið hjólhýsi með fortjaldi. Upplýsingar í síma 456 7165.

Til sölu er lítið notað 28" götu-hjól (Racer) af gerðinni Giant OCR3 Medium, árg. 2005. Ein-staklega létt og skemmtilegt hjól. Uppl. gefur Sigurjón í síma 866 9721 eða 456 5363.

Skilaði góð-um hagnaði

Sýslumannsembættið á Ísa-firði skilaði 2,8 milljóna króna tekjuafgangi árið 2005. Er það litlu minna en árið þar á undan þegar afgangurinn var rúmar 3,2 milljónir. Í rekstrarreikningi fyrir árið kemur fram að tekjur hafi samtals verið 2,6 milljónir krónur sem er svipuð upphæð og árið 2004 en gjöld samtals 171 milljón króna en árið sem er rúnum 8 milljón-um meira en 2004.

Par er greint frá helstu þátt-um starfseminnar Dómsmála-ráðuneytið og sýslumaðurinn á Ísafirði gerður með sér ár-angursstjórnunarsamning í janúar 2004 til þriggja ára og er helsti árangurinn markviss-ari vinnubrögð, nánari tengsl embættisins við dómsmála-ráðuneytið jafnframt því sem samningurinn nýtist sem veg-vísir í daglegu starfi.

– thelma@bb.is

in mörg ár síðan, ætli þau séu ekki orðinn sjö eða átta. Síðan gerist það að Markús Örn Ant-onsson, útvarpsstjóri, gefur út ordrur um að hér eigi að setja upp tæki til sjónvarpsútsend-inga. Svo gerðist bara ekki neitt í því máli upp undir ár, þá höfðu menn einfaldlega ekki unnið vinnuna sína fyrir sunnan. Upp úr því er talað við Jóhannes Jónsson, sem þá var hálfuppgefinn tökumaður fyrir Stöð 2, og hann var ráð-inn sem verktaki og starfar sem slíkur enn í dag. Jóhannes er með mjög finar græjur í þetta, og það eru einhver ár síðan farið var að fullvinna allt efni hér og það svo sent suður í gegnum tölvur. Þetta heitir að senda á V-drifinu, það skilja það náttúrulega allir.“

– Ertu að hætta í útvarps-mennskunni?

„Ég er náttúrulega ekkert að hætta, en ég er kominn á reglu sem heitir 95 ára reglan og þá gefst mönnum kostur á að fara að taka eftirlaun. Eft-irlaunin eru auðvitað smánar-leg, það lifir enginn af ein-hverjum 160 þúsund krónum á mánuði, en það eru launin ef ég fer á þessa reglu. Þannig að það er alveg augljóst að ég verð að vinna baki brotnu áfram. Það er gott að búa á Ísafirði, eins og kunnugt er, en það er líka dýrt að búa á Ísafirði. Það er t.d. nýkomið fram að öll aðföng sem flutt eru með flutningabílum eru fjórðungi dýrari í flutningi hingað heldur en til Horna-fjarðar, sem er jafn löng leið.

Nú heyrðum við þau gleði-tíðindi að það á að fresta vega-gerð í Ísafjarðardjúpi um tvö ár hið minnsta. Það þýðir nátt-úrulega að það eru að minnsta kosti fimm ár í að við fáum hér samilega færan veg, sum-ar og vetur.

Það er ágætt að minnast á það að ég vil að villan með Hestakleifina í Ísafjarðardjúpi verði staðfest og það sem heit-ir að fara yfir Eyrarfjall verði breytt í að fara yfir Hestakleif. Það er fallegra nafn og er nafn með rentu. Þarna sitja bílar í

og mega teljast heppnir ef þeir komast yfir. Þetta er þjóðleið-in okkar, til þess sem kallað hefur verið höfuðstaður Vest-fjarða, og til Súðavíkur og Bolungarvíkur. Maður var far-inn að hlakka til þess að lifa það að geta ekið á mannsæm-andi vegi á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur en nú þarf maður að fara að reikna upp á nýtt. Það er ekkert víst að maður lifi það neitt.

Þetta er með ólíkindum og var í raun kosningamál hérna fyrir síðustu bæjarstjórnar-kosningar, í maí, þar sem að samgönguráðherra gaf svolít-ið í skyn að það góða samstarf sem hefði verið hér við bæjar-stjórmina, að hann vonaðist til að það haldi áfram. Svo kemur þetta eins og blaut tuska að það stefni ekki í að það verði nein vegagerð. Hvað höfum við gert af okkur?

En svo við snúum okkur aftur að upphaflegu spurning-unni um útvarpsmennskuna, þá er mikil óvissa um stöðu Ríkisútvarpsins sökum eilífs klandurs stjórnmálamanna og þeirra flokka sem hafa haldið þessari stofnun í gíslingu. Þessari stofnun sem maður hefði haldið að væri stofnun á borð við þjóðminjasafn, lands-bókasafn, þjóðskjalasafn, þjóðleikhús, sínfóníuhljóm-sveitina og svo framvegis. Þetta er náttúrulega hljóð-minjasafn Íslendinga. Þessi stofnun hefur orðið að lúta hroðalegum örlogum. Íhaldið hefur haldið stofnuninni í spennitreyja. Síðan er alltaf sagt það megi ekki hækka af-notagjöldin vegna einhvern-ar vísitölu. Það liggur nú fyrir þetta frumvarp um Ríkisút-varpið, sem virðist nú vera í einhverju skötulíki. Réttindi fólks virðast í þessu bara vera eitthvað aukaatriði, réttindi starfsmanna. Það er allt í óvissu hvað gerist.

Á slíkum tímum velta menn fyrir sér réttindum sínum, og þá er ekki hægt ákveða neitt um hvort menn ætla að hætta eða ekki þegar óvissan er slík. Það er búið að halda marga fundi og ég er t.d. alveg jafn

nær um mína stöðu og minn rétt innan þessarar stofnunar. Þetta er b-hluta ríkisstofnun og við eigum okkar rétt, bið-launarétt og annað, verði þetta apparat lagt niður.“

Stríðsfréttamenska og hrognamál

– Hvenær er það sem þú kemst á 95 ára regluna?

„Það er í byrjun desember. Ég geri nú ráð fyrir því að vinna áfram við útvarp, þátta-gerð að einhverju leyti, en maður er búinn að vera í þessu harki í öll þessi ár og er orðinn svolítið þreyttur á því.

Mesti álagstíminn var auð-vitað í kringum snjóflóðin '95, það reyndi mjög á og var próf-raun. Þá gerðust hlutir sem voru með því allra versta sem íslenskir fréttamenn geta gert ráð fyrir. Þarna fórust um 40 manns á Vestfjörðum, þegar allt var talið, í snjóflóðum. Það var ekki bara hér, það var líka á Óshlíð og í Reykhóla-sveit, og svo framvegis. Það var alveg hræðilegt að starfa við þetta, þannig lagað séð. Maður bíður þess ekki bætur. Reynslan sem maður býr að er mikil, þetta var hálfgerð stríðsfréttamenska.“

– En fyrir utan álagstíma, tekur hið daglega hark mikið á?

„Fréttamenska er mjög ljý-andi starf. Hjá RÚV í Reykja-vík eru menn í fréttamensk-ú á mínum aldri margir hverjir komnir á auglýsingastofurnar og fyllt er í skarðið með krökkum hjá stofnuninni, og reyndar mörgum öðrum frétt-a-miðlum líka. Þessir krakkar eru svo mismel talandi á mót-urmálið og það virðast vera æ minni kröfur gerðar um að fólk sé vel máli farið. Það sem eitt sinn var kallað þágu-fallssýki er nú bara talið gott og gilt.“

– Það er víst ekki lengur talað um þágufallssýki, heldur „méránir“.

„Og þetta á að heita allt með felldu. Málið er líka orðið svo kjarnlaust. Orðaforðinn er orðinn svo lítill. Þetta eru eins

og páfagaukar, það má notast við hundrað orð í fréttatíman-um.“

– Geturðu ímyndað þér eitt-hvað hverju þetta sætir? Held-urðu að minni bóklestri sé um að kenna, eða að vitlausar bækur séu lesnar, eða smitast þetta bara eins og einhver kvefpest?

„Tölur sýna náttúrulega miklu minni bóklestur hjá ungu fólki. Hann er nánast enginn. Í sjálfa sér er allt í lagi með settur í sjálfa sér, þær eru ekki skaðlegar. En þegar farið er að þýða eins og maður sér á skjánum, á öllum stöðv-um, beint upp úr ensku: „Hot spring river this book“! [Hver á þessa bók? innsk. bl.m.] Það örlar ekki á því að það sé verið að íslenska eitt eða neitt. Text-inn kemur allur í belg og biðu beint úr enskri hugsun. Það er náttúrulega stórhættulegt, ef menn líta á það sem eitthvað hættulegt að við séum að tapa málinu.“

– Þegar maður setur fram enska hugsun á íslensku máli er heldur ekki eins og það sé verið að skipta út einu tungu-máli fyrir annað heldur hefur maður það einmitt á tilfinning-unni að ekkert muni sitja eftir nema snarlaskaður og ónot-hæfur kjaftáttur.

„Já, já. Þetta verður bara einhvers konar hrognamál, eins og það var kallað í gamla daga. Það er líka síður en svo að þeir sem eru illa mælendi á íslensku séu vel mælendi á erlendar tungur.

Það er líka nauðsynlegt öll-um sem vinna við fréttir að búa yfir þekkingu. Að minnsta kosti til upphafs 20. aldar. Þetta eru yfirleitt krakka-grey sem eru að koma út úr stjórn-málafræði sem sækjast í þetta og það hefur náttúrulega lært einhverjar teoríur, sem er góð-ra gjalda vert, en það vantar þennan þekkingarbrunn. Það er svolítið skelfilegt.“

– Heldurðu að það geti verið að það sé meiri áhersla lögð á að lesa bara skólabækurnar en sjálfur fróðleiksþorstinn þess utan sé sífellt minni?

„Já, ég felst alveg á þá kenn-

ingu. Það er líka mikilvægt að geta vísað í einhverjar bók-menntir. Ég er nú ný kominn frá Reykjavík þar sem ég var hjá móður minni aldraðri og ég las fyrir hana Góða dátann Svejk. Aumingja Svejk, það var alveg sama hvað hann við-urkenndi eða viðurkenndi ekki, hann var alltaf tugthús-aður og píndur og hann fékk alltaf sínar stólpípúr og maga-dæluna. Þetta minnir nú svo-lítið á nútímann. Bókin kom út 1923, Jaroslav Hasek skrif-ar og Karl Ísfeld þýðir stórvæl. Baugs málið er þarna á fullri ferð, til dæmis. Þessi bók hef-ur algerlega staðist tímann tönn, hún er svo móðern sem mest má vera. Hann er náttúru-lega að fjalla þarna um her-mennsku og styrjaldarmóral-inn. Þetta er nákvæmlega eins í dag.“

Hernaðurinn gegn landinu

„Það er nú varla hægt að fara svo hjá garði að ekki sé minnst á Andra Snæ Magna-son. Það gefur manni örhlita von um hið ritaða mál, að hann skrifar bók sem kemur út snemma að vori og þessi bók er keypt alveg lon og don. Kannski tíu þúsund eintök, sem er auðvitað roksala á ís-lenskum bókamarkaði. Þessi bók er lesin af þúsundum manna. Það er varla sú um-ræða manna á milli og opin-berlega að ekki sé vitnað í Andra Snæ. Honum tekst þarna að koma á framfæri, með mjög skýrum hætti, því sem menn hafa verið að hugsa og hafa fundið til í hjartanu. Mér fannst þessi bók vera al-ger afhjúpun á brótti íslenskra ráðamanna allt frá því að her-inn kom hérna eftir stríði. Svo tekur hann fyrir hernaðinn gegn landinu, sem Kiljan kall-aði svo, þegar menn fengu ómælt fé til þess að þurrka út landið án tillits til nokkurra náttúruhagsmuna. Síðan kem-ur hann að virkjunarmálum og álframleiðslu. Hann setur þetta mjög skýrt fram með dæmum, þetta er ótrúlegur

STAKKUR SKRIFAR

Vegagerð í hafti verðbólgu

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Verðbólgan herjar á Íslendinga eina ferðina enn. Þó ættum við ekki að láta okkur bregða. Við erum von. Hver sem pólitísk skoðun manna kann að vera er ljóst að tímabilið frá 1991, þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar, formanns Alþýðuflokksins tók við, markaði breytingu varðandi tók Íslendinga á verðbólgunni. Þá lifði Alþýðuflokkur enn og kratismi var orð sem vísaði til einhvers annars en sósíalisma. Stefn-uninni var svo haldið með miðjumanninum Halldór Ásgrímssyni. Fram-sóknarflokk, formanni og síðast forsætisráðherra sem fyrsta stýrimanni, að Jóni Baldvini frágengnum.

Nú hefur sjálfstæðismaðurinn Geir H. Haarde tekið við skipstjórn þjóð-arskútunnar og eitt fyrsta verk hins nýja forsætisráðherra hefur verið að taka þátt í því að ná ná fram samkomulagi um kjarasamningna Samtaka at-vinnulífisins og Alþýðusambandsins svo ekki komi til verkfalla með til-heyrandi óróa á vinnumarkaði og alvarlegum afleiðingum fyrir efnahagslífið í landinu. Lofað var breytingum varðandi skattamál. Athuguð verður hækkun vaxtabóta og lofað var hækkun aldurs vegna greiðslu barnabóta. Það sem snertir okkur Vestfirðinga mest er frestun framkvæmda á vegum ríkisins. Blasir við að brúargerð yfir Mjóafjörð og vegur um Arnkötludal munu lenda undir niðurskurðarhnífnum.

Þessi niðurstaða er vond fyrir Vestfirðinga, en skiptir sennilega ekki öllu varðandi aðra landsmenn. Vissulega eru hagsmunir allra Íslendinga að ná tókum á verðbólgunni, er nú telst vera um 8%. Það er lítið miðað við verð-bólguárin skelfilegu 1980 til 1983. Þá lék hún algerlega lausum hala og ríkisstjórnin hafði engin tók á neinu meðan þjóðin galt fyrir með stöðugt rýrnandi kaupmætti. Önnur tímabil má nefna. Einfaldast er segja árin 1971 til 1991 eitt hið versta verðbólgu tímabil í heildina tekið, þó stundum hafi betur gengið. Um þverbak keyrði upp úr 1980. Enginn sem þekkti af eigin raun hve skelfilegar afleiðingar verðbólgu voru telur nú eftir sér stundarbið eftir langþráðum vegabótum svo fremi þær skili sér eftir ásettanlegan tíma.

Sjávarútvegsráðherra og þingmaður Norðvesturkjördæmis, Einar K. Guðfinnsson talar nú með þeim hætti, að þrátt fyrir frestun sé óþarfi að bú-ast við hinu versta. Vonandi þýðir málf lutningur hans að hann muni hafa um það förgöngu að tryggja að byrjað verði á framkvæmdum um leið og verðbólgan lætur undan. Sé svo munu Vestfirðingar þreyja þorrann eina ferðina enn. Líklegt má þó telja að við þingkosningar eftir tæpt ár verði það munað hvernig á vegagerð verður tekið á Vestfjörðum. Hitt er vert að muna að kröfurnar eiga eftir að verða mun háværari um vegbætur á Suð-vesturhorninu. Við megum alls ekki gleymast. Svo einfalt er það.



gagnabanki sem hann hefur komið upp í bókinni. Svo er þetta sett fram með svo einföldum hætti að hvert mannsbarn skilur þetta. Hann afhjúpar þessar blekkingar sem ráðamenn hafa haft frammi til þess að virkja allt landið. Samanber þessi tilboð sem íslensk stjórnvöld hafa sent umheiminum um hina ódýru orku á Íslandi og hvað eigi að virkja. Það getur hvert tíu ára barn lagt það saman að það er hver einasta spræna á landinu sem búið er að ákveða að virkja, í hugum þeirra ráðamanna sem um það hafa vélt og teknókratanna hjá Landsvirkjun.

En nú er allt í einu komið bakkgríshljóð í Framsóknarflokkinn – svo ég noti nú bílamálið. Það gerðist nú bara í gær. Það tengist Norðlingaölduveitu og því að sökkva Þjórðarverum. Þjórðarver eru eitthvað sem maður tók með móðurmjólkinni að væri helgur staður, þessi fræga heiðagæs sem verpir þar og svo framvegis. Svo koma menn bara og segja: „Við skulum bara sökkva þessu eins og öðru“.

Við lifum á mjög sérkennilegum tímum. Eða kannski ekki. Það er auðvitað ekkert nýtt undir sólinni. Mér dettur í hug þessa síðustu daga þegar Jón Sigurðsson seðlabankastjóri er settur inn sem formaður Framsóknarflokksins án þess að hafa unnið sig þar neitt upp sem stjórnmálamaður. Þetta minnir á tíma Jónasar frá Hriflu þegar efnilegir bændasynir fengu skeyti frá Jónasi: „Komdu suður. – Jónas.“ Það var ekki lengra. Þá gengu menn frá herfinu og suður, menn gegndu bara. Þetta er svipað og Jón Sigurðsson sagði: „Það er skylda mín að taka þetta að mér.“ Þetta er alveg hliðstætt við „Komdu suður. – Jónas.“ Þessi gjörningur Halldórs að kalla Jón Sigurðsson til er auðvitað yfirlýsing um það að allir þingmenn flokksins, allir sem eru pólitískt kjörin með lýðræðislegum hætti, sem kallað er, séu allt lúðulakar og lufsur.“

### Að gelda upp í kynslóðamúrinn

– En svo við vindum okkar kvæði í kross. Þú hefur fengið nokkuð við ritsmíðar, segðu mér aðeins af þeim.

„Ég hef skrifað eina ævisögu, Huldu nokkurrar Valdimarsdóttur. Hún var héðan úr Hnífsdal, frá Heimabæ. Hún var fyrsta stríðsbrúðurin. Hulda komst hér í kynni við breskan hermann, Samuel Ritchie, og það var ást við fyrstu sýn nánast. Dallurinn sem hann var á strandaði og á meðan voru þau gefin saman í Ísafjarðarkirkju. Hún fluttist svo með honum til Skotlands. Þau voru saman á meðan bæði lifðu. Saga hennar er mjög athyglisverð, hún vann lengi í ameríska sendiráðinu í Reykjavík.

Síðan, eins og kunnugt er, skrifaði ég Einræður Steinólfs í Ytri-Fagraðal. Það var met-

sölubók, ef það segir eitthvað um gæði þeirrar bókar. Hún kom út 2003 og seldist meira að segja í 66 eintökum á síðasta ári, og það er nokkuð gott.

Nú er ég með eins konar ættarsögu í smíðum þar sem að fléttast inn samtímasögur, eftir stríð, hvernig barnið skynjaði umhverfi sitt. Þetta er dálítið pedagógísk saga, ég er að brúa kynslóðarofið með þessari bók og ætlast til þess að hún verði jafnvel lesin í grunnskólum. Hún er miðuð sem kennslubók líka. Það eiga allir að lesa hana, börn, unglingar og fullorðið fólk. Ég er nú kominn á svoltinn rekspöl með þessa sögu. Vinnuheitið á henni er Endurheimt glataðs tíma, og eiginlega heitir hún Skelkur í bringu líka. Það eru miklar þælingar í kringum þetta verk. Ég held það sé mjög nauðsynlegt. Einar Már Guðmundsson hefur bent á það og komið að því í öllum sínum ræðum að nauðsynlegt sé að menn hafi einhverjar rætur, viti eitthvað um uppruna sinn og hafi eitthvað samhengi í lífinu. Njörður P. Njarðvík hefur líka lagt mikla áherslu á þetta. Hann talar um „kynslóðarofið“. Og það rof er alger skelfing. Menn eru



Bílar eru stórt áhugamál hjá Finnboga. Hér mælir hann olíuna á sínum einkabíl.

alveg rótlausir og það er hægt að gera hvað sem er við slíkt fólk, enda ginnir þessi kapitalismi sem er dag þetta fólk alveg miskunnarlaust með auglýsingahamföllum. Þetta fólk á sér enga tilveru utan poppmenningarinnar. Föður-

ímynd þess er í poppstjörnunum. Ertu ekki sammála þessu?“

– Ég hef stundum velt því fyrir mér hver munurinn sé á því að eiga Njál eða Elvis að fyrirmynd, hvort hann sé í raun nokkur.

„Munurinn á þessu að það

eru margar kynslóðir af manneskjum á milli Njáls og hlutaðeigandi, en það er ef til vill engin á milli Elvisar og hlutaðeigandi. Það er ekki gott.

Ég er nú kennari og brot af uppeldisfræðingi þar af leiðandi, ég hef upp á það plaggöt.

Það er mjög ríkt í manni, þessi fræðari. Í fréttamennskunni líka. Ég held að þarna sé verk að vinna, að það sé mikilvægt að gelda upp í þetta rof. Það held ég sé mikilvægasta verk okkar, að gelda upp í kynslóðamúrinn.“ – *eirikur@bb.is*



## Heimildarmynd gerð um Mýraboltann á Ísafirði

Mýraboltinn á Ísafirði mun spila stóra rollu í heimildarmynd sem gerð verður í sumar. Myndir er gerð á vegum 365-miðla og er kvikmyndatökufólk frá fyrirtækinu um þessar

mundir í Finnlandi en þar fer fram Heimsmeistaramótið í mýrabolta. Í ágúst, þegar Evrópumótið í mýrabolta verður haldið í Tungudal munu kvikmyndagerðarmennirnir

koma til Ísafjarðar og halda áfram tökum. Að sögn Jóhanns Bærings Gunnarssonar eins aðstandenda Mýraboltans er útgangspunktur myndarinnar það hvernig

lítill hugmynd þröngs hóps manna getur orðið að stórum viðburði samanber mótið í Finnlandi sem dregur að sér þúsundir manna. Hópurinn sem stendur á bak við Mýraboltann á Ísafirði vonast til að svo geti einnig orðið hér, þó svo að hann verði aldrei jafn stór og Heims-

meistaramótið í Finnlandi.

Mótið er haldið í þriðja sinn í sumar og eru allar líkur á að sama stigandi verði í því og var í fyrra, í það minnsta gefa bókanir það til kynna. Myndin verður frumsýnd í haust og styrkir Norræna ráðið gerð myndarinnar. – *smari@bb.is*

## Unnið að öflun gagna um sögu Önundarfjarðar

Verkefnið Hús og fólk er í undirbúningi en markmið þess er að varðveita upplýsingar um hús og fólk á Flateyri og í Önundarfirði frá síðari hluta 19. aldar fram til loka 20. aldar. Tilgangurinn er m.a. að miðla fróðleik til ferðamanna og annarra áhugasamra um mannlíf, þróun atvinnulífs og menningar á Flateyri og Önundarfirði.

Upphafskonur verkefnis-

ins eru þær Jóhanna G. Kristjánsdóttir og Guðrún Pálsdóttir en þær eru báðar búsettar á Flateyri og eru stjórnarmenn í íbúasamtökum Önundarfjarðar. Gagnasöfnun stendur nú yfir og til stendur að búa til gagnagrunn sem ferðafólk og aðrir þeir sem áhuga hafa á sögu Önundarfjarðar geta sótt í.

Vonast er til að verkefnið og gagnagrunnurinn verði til þess að auka á tengsl og

samskipti brottfluttra Önundarfirðinga og þeirra sem nú búa í firðinum. Ef fólk hefur upplýsingar um hús og fólk í Önundarfirði sl. 130 ár má snúa sér til Guðrúnar eða Jóhönnu: Guðrún Pálsdóttir, Drafnargötu 6 -425 Flateyri S. 4567671 - 8637671 netfang: gp@snerpa.is. Jóhanna Kristjánsdóttir, Eyrarvegi 9 -425 Flateyri S. 4567626 - 8642943; netfang: johanna@snerpa.is.

## Atvinna

Bókhlaðan Penninn óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa og annarra tilfallandi starfa.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á sölu-mennsku, hafa gott auga fyrir útstillingum ásamt góðri þjónustulund. Tölvukunnátta er nauðsynleg. Starfshlutfall er 100%.

Áhugasamir sendi upplýsingar um menntun og starfsreynslu á netfangið jonas@bokhladan.is





„PETTA SNÝST FYRST OG FREMST  
UM AÐ HAFA GÓÐA YFIRSÝN“

*Ólafur Þorláksson, stjórnariðgjafi*

Landflutningar-Samskip eru líkurnir almátt krafti með fjölda flutningabíla í þeirri neti sem nær til allra byggðanna á landi. Mít hlutverk er að halda utan um skráningar af þessu tagi þannig að hægt sé að samstilla krafti. Þá gangur það eins og smert og allir fá sendinguna sína hratt og örugglega.

458 8000 // [www.landflutningar.is](http://www.landflutningar.is)

*Landflutningar*  
SAMSKIP

*Al öryggi og öruggi alla leið til þín!*

# Framkvæmdir við Grunnskólann á Ísafirði komnar á skrið

Framkvæmdir við Grunnskólann á Ísafirði eru komnar á fullt og fer nú fram jarðvegsvinna. Búið er að sneiða helming af gamla Barnaskólanum og stendur hann hálf álkulegur á byggingasvæðinu. Þá hefur tengi bygging milli gamla skólans og barnaskólans verið rifin með öllu. Uppsáttur sökkla ætti að hefjast í þessari viku. Það eru Vestfirskir verktakar sem annast byggingu hússins og er þetta stærsta verk sem hefur verið ráðist í á Ísafirði í mörg herrans ár. Skólastarf mun hefjast í nýrri byggingu Grunnskólans haustið 2008. Tilboð Vestfirska verktaka í bygginguna hljóðaði upp á 370.813.369 krónur er 102,7% af kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 361.217.369 krónur.

– smari@bb.is



Tæplega helmingur gamla barnaskólans hefur verið rifinn.

# Ný flotbryggja tekin í notkun

Ný flotbryggja hefur verið tekin í notkun í bátahöfninni á Ísafirði. Bryggjan var keypt notuð frá Hafnarfirði í vor og alls eru í henni básar fyrir tíu báta í henni. Bryggjan er fyrst og fremst ætluð fyrir skemmtibáta en áhugi er hjá ferðamálayfirvöldum á Ísafirði að bæta aðstöðu fyrir aðkomu skemmtibáta í bænum. Í samtali við bb.is í síðasta mánuði sagði Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar að verið væri að skoða hvort hægt væri að lokka sportbátaeigendur á höfuðborgarsvæðinu til að vera með

báta sína á Ísafirði yfir sumartímann því Djúpið og Jökulfirðirnir eru draumasvæði fyrir skemmtibáta. Nýja flotbryggjan, sem keypt var notuð í vor er liður í því að bæta aðstöðu skemmtibáta á Ísafirði en nokkuð hefur vantað upp á að aðstaða sé fyrir hendi til að markaðssetja svæðið sem gósenland skemmtibátaeigenda. Eins og sjá má á mynd hafa Ísborgin og Valurinn verið færð yfir á Olfúmulann en bátarnir hafa staðið óhreyfðir í höfninni um alllangt skeið.

– smari@bb.is



Fríðrik frá Látrum sómir sér vel í nýju bryggjunni.



Hross á Djúpveginum í byrjun sumars.

# Reglur um lausagöngu hrossa ekki arfleifð Nauteyrarhrepps

Ekki er rétt að reglur um lausagöngu hrossa í Inn-Djúpi séu arfleifð frá reglum sem giltu í Nauteyrarhreppi eins og kom fram í frétt á bb.is 19. júní. Í fréttinni er haft eftir Lögreglunni á Hólmavík að þær reglur sem gilda um lausagöngu hrossa séu arfleifð frá

reglum Nauteyrarhrepps. Bóndi úr Inn-Djúpi hafði samband við blaðið og benti að þetta er ekki allskostar rétt, því að lausaganga hrossa hafi verið bönnuð allt árið um kring í Nauteyrarhreppi en ekki bara á veturna eins og varð eftir sameiningu hrepps

ana. Sem kunnugt er sameinaðist hreppurinn Hólmavíkurreppi árið 1994 og féll upp frá því undir Strandasýslu. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Strandabyggðar, en svo heitir sveitarfélagið eftir sameiningu Hólmavíkurrepps og Broddaneshrepps í

vor, stendur til að breyta reglum um lausagöngu hrossa. Talsvert hefur verið um lausagöngu við innanvert Djúp og þá sér í lagi við Múla og Arngerðareyri. Mikil hætta getur skapast er hrossin eru við veggkantinn eða á veginum, sérstaklega síðsumars.

# Sumarið fer vel af stað á Hótel Núpi

Sumarið hefur farið vel af stað hjá nýjum rekstraraðilum á Hótel Núpi í Dýrafirði. „Þetta er búið að ganga vel. Það hefur verið reitingur af fólki á bílum og þar á meðal Belgar, Ítalir og Þjóðverjar. Svo var nemendamtöldið hér og það gekk ljómandi vel. Það hefur líka töluvert verið hringt í okkur erlendis frá og bókað. En við erum svo ný í bransanum að við höfum ekkert að miða við svo ég veit ekki hvort umferðin sé meiri eða minni en vanalega“, segir Vera Þórðardóttir vert á Núpi. Áhersla er lögð á góðan mat

hjá nýju rekstraraðilunum og tveir erlendir kokkar menntaðir í frönsku eldhúsi sjá um matseldina. „Fólkið á Vestfjörðum hefur verið jákvætt fyrir veitingasalnum og koma oft bara til þess að fá sér að borða og gera sér dagamun. Það var einmitt von okkar þegar við byrjuðum og við erum kannski með öðruvísi strauma en á öðrum veitingastöðum á svæðinu“, segir Vera. Þess má geta að Hótel Edda rak sumarhótel á Núpi í áratug en hætti rekstri þess 2004 og var því ekkert hótél á Núpi í fyrra.

**FASTAIGNASALA VESTFJARÐA**

**TRYGGVI GUDMUNDSSON HDL**  
löggitur fasteignasali

Hafnarstræti 1 • Ísafirði • Sími 438 3344  
Fari 438 4347 • Netfang: eignir@fva.is  
Heimasíða: www.fva.is

**Stígur 11, Ísafirði**  
Stærsta og nýja í tvímenningarum með ómögulega ríflífi og innbyggðum bíldætti. Samtals 216,5 m², þar af er jarðhúsið 81,7 m² með bíldætti sem er 25,1 m², allt það er 84,8 m² og ríflífið er 50 m².

19.500.000,-

**Stígur 18, Ísafirði**  
167 m² stórstærðt raðhús með bíldætti í Hólmavörð. Nýlegt efni og hefur þessi.

18.700.000,-

**Stígur 19, Ísafirði**  
Ný og glæsilegt efni í fjölbýlishúsi með lyftu, ríngöngum þriggja hæðanna stórum og bíldætti í bíldætti.

16.2.8.89.2

**Stígur 4, Ísafirði**  
85 m² þessi í Hólmavík, byggð árið 1997, tvímenningar.

7.500.000,-

**Stígur 14, Hólmavík**  
194 m² stórstærðt raðhús í tvímenningarum, ríngöngum og klætt með stóru klæðingum, mikil undirbúning, nýtt efni.

11.000.000,-

**Stígur 16, Hólmavík**  
190 m² stórstærðt raðhús í tvímenningarum, klætt með lyftu klæðingum, bíldætti, hefur þessi undirbúning.

8.500.000,-

**Stígur 13, Hólmavík**  
187 m² stórstærðt raðhús í tvímenningarum, klætt með lyftu klæðingum og ríngöngum, innbyggður bíldætti.

Tilboð óskert

**Stígur 15, Ísafirði**  
199,5 m² stórstærðt raðhús í tvímenningarum með bíldætti. Nýrri klætt efni var byggð árið 1979 samkvæmt FMH. Mjög gott útlit yfir fjörðinn.

11.111.111.111,-



# Himnaríki vel tekið

Leikfélagið Hallvarður Súgandi frumsýndi leikritið Himnaríki eftir Árna Ibsen í fimmtudagskvöld. Leikritið markaði að vanda upphaf sumarhátíðarinnar Sæluhelgarinnar á Suðureyri. Himnaríki er farsí sem fjallar um þrenn þor á þrítugsaldri sem dvelja eina helgi í sumarhústað sem eins og í svo mörgum slíkum ferðum endar í svalli og ýmis mál koma upp á yfirborðið.


Fjórar persónur eiga langa sögu saman og koma þeirra nýju veldur öllu í uppnám. Persónusköpunin er litrík og ná allir leikararnir að skila

hlutverkum sínum mjög vel. Verkið hefur þá sérstöðu að sviðið er í miðjum sýningar-salnum og áhorfendur sitja beggja vegna, annarsvegar sjá þeir inn í bústaðinn og hinsvegar sjá þeir sem gerist fyrir utan. Í hléi skipta svo áhorfendur um sæti, þeir sem sáu það sem gerðist inni sjá nú það sem gerist úti og öfugt. Þetta fyrirkomulag er stórskemmtilegt en sökum þess sér áhorfandinn ekki heildarmyndina fyrr en hann hefur séð leikritið beggja megin við sviðsmyndina.

Eins og bestu farsarnir býður leikritið upp á hraða og kímni en að auki gefur það

innsýn í flókið sambands-mynstur bæði para og vna. Himnaríki var vel tekið og voru tíð hlátrasköllin og kröftugt lófaklappið í lokin besti mælikvarðinn á það. Leikstjóri er Rúnar Guðbrandsson sem hefur leikstýrt fjölda leiksýninga hérlandis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara en hans er ef til vill skemmst að minnast fyrir hlutverk sitt sem Björn í sjónvarpsmyndinni Allir litir hafsins eru kaldir. Meðfylgjandi myndir frá sýningunni tók Páll Öundurson. Nánari umfjöllun um verkið er á bls. 18 og 19.

– thelma@bb.is



Himnaríki fjallar um ferð þriggja para í sumarhústað.



Starfsmenn Snerpu við lagningu ljósleiðarans. F.v. Björn Davíðsson, Ágúst G. Atlason og Ragnar Aron Árnason.

## Snerpa leggur ljósleiðara

Tölvufyrirtækið Snerpa ehf., á Ísafirði er um þessar mundir að leggja lokahönd á lagningu ljósleiðara frá Stjórnsýsluhúsinu og upp á sjúkrahús með viðkomu í nýbyggingu við Hafnarstræti. Björn Davíðsson hjá Snerpu segir að með þessu fái stofnanir og fyrirtæki möguleika á mun stærri og afkastameiri tengingu. Aðspurður hvers vegna fyrirtækið standi í þessu sjálft segir Björn að eftir að grunnnetið var selt með Símanum, verði menn að treysta á sig sjálfir. Björn segir að með því að leggja strenginn sjálfir geti Snerpa boðið viðskiptavinum sínum upp á talsvert ódýrari ljósleiðaratengingu en Síminn. Snerpa mun halda áfram að leggja ljósleiðara næsta sumar.

## Nýtt húsnæði Upplýsingamiðstöðvarinnar tekið í notkun

Upplýsingamiðstöð ferðamála var formlega opnuð á fimmtudag í endurbættu húsnæði í Edinborgarhúsinu að viðstöddu fjölmenni. Vesturferðir hafa undanfarin ár rekið upplýsingamiðstöðina en nýverið gerði Ísafjarðarbær samning við Ferðamálastofu um rekstur miðstöðvarinnar og hefur bærinn alfarið tekið við rekstri hennar.

Upplýsingamiðstöðin er landshlutamiðstöð þ.e. henni er ætlað að vera miðstöð ferðamála á öllum Vestfjörðum. Ráðið hefur verið í stöðu forstöðumanns og varð Heimir Hansson fyrir valinu.

– smari@bb.is



Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Heimir Hansson nýráðinn forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar við opnunina.

**verður haldinn á SAUÐÁRKROKI**  
3.-7. ÁGÚST

**Spennandi og vímulaus valkostur fyrir unglinga**

**Hvar:** Á Sauðárkróki (8 úrið í rúð)

**Hvenær:** 3.-7. ágúst 2006

**Fyrir hverja:** Alla knattspyrnuáðkendur, stríka og stelpur, sem eru 11-17 ára, þ.e. fædd 1989-1995, sem eru: 3., 4. og 5. flokkur og yngsta ár í 2. flokki

**Tilgangur:** Tilgangurinn með tímasetningunni er að bjóða uppá vímulausan valkost fyrir unglinga um vaxandiáttahelgina. Tilgangurinn með skólanum er að kenna tækni, taktík og gildi rétts hugarfars.

**Stólasetning:** Fimmtudaginn 3. ágúst kl. 15:00 í Fjölbautaskólanum. Mötung 12:00-14:00 þann sama dag.

**Stólaslit:** Mánudaginn 7. ágúst kl. 14:00

**Kennarar:** Reyndir hjálfaar og íþróttakennarar

**Sérstakur gestur:** Ólafur Kristjánsson, knattspyrnuþjálfari

**Stólastjóri:** Bjarni Stefán Konráðsson, íþróttarfræðingur og hjálfi

**Stráning og uppl.:** hjá Bjarna Stefáni í síma 554-0620 eða 695-4504 og á bjarnist@mr.is

**Verð:** Með fæði, a: kr. 15.900. Án fæðis, b: kr. 8.500 (val fyrir leikmenn Tindastöls). Sýttkínafélagur a, kr. 3.300, b. kr. 600

**Innihaldið:** Sjó mfering og knattspyrnuþétt • Fullt fæði og húsnæði (svefnþakagisting í Fjölbautaskólanum) • Þeysla, bakþétt, þéttþakagistingur, fótþétt, frítt í sund, hæfileikakeppni o.fl. • Fræðsla fagmanna um knattspyrnuleg málefni • Örugg gæsla allan sólarhringinn



**BÓNUS**

Góð þrenna: PRINS, AÐST., HRAUN

**XL**  
Aldvörð braut!

**HEILT KÍLÓ!**

**899**

**399**

**59**

**Hraun RITAR**

**Sumar, sólskin - og gleði!**

**98**

**Chips**

**98**

**Kryddlegnar danskar kjúklingabringur**

**1.998**

**Prófaðu þetta!**

**99**

**1.5 lítri TOPPÚR**

**98**

**Frábært pylsutilboð!**

**KAUP BÆTIR**

**BÓNUS**

**479**

**69**

**200g**

**Bónusfötinn**

**98**

**10 Egg**

**399**

**BÓNUS FETA**

**CRESCENDO**

**399**

**rísá pítta**

**www.bonus.is**



# mannlíf

Ábendingar um efni sendist til Thelmu  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
12. júlí, 195. dagur ársins 2006

**Pennan dag** árið 1947 sökk síldveiðiskipið Sverrir á Skagagrunni. Það var áður olíuflutningaskip, smíðað 1928, hið fyrsta í íslenskri eigu.

**Pennan dag** árið 1951 afhentu Óskar Halldórsson, útgerðarmaður og börn hans ríkinu vaxmyndasafn með myndum af átján Íslendingum og fimmtán þekktum erlendum mönnum.

**Pennan dag** árið 1966 tók Raunvísindadeild Háskóla Íslands formlega til starfa. Hún fæst við grunnrannsóknir og kennslu.

**Pennan dag** árið 1993 fór Debut, fyrsla plata Bjarkar beint í þriðja sæti á breska vinsældarlistanum.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 36 árum

## Kona í ríkisstjórn

„Það myndi gleðja mig mjög mikið, ef það kæmi í ljós, að útnefning mín í ráðherraembætti yrði til þess að örva konur til þátttöku í stjórnámálum“, sagði frú Auður Auðuns, er blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við hana í gær, en hún hefur sem kunnugt er verið tilnefnd af hálfu þingflokks til þess að taka við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra og er fyrsta konan, sem tekur sæti í ríkisstjórn Íslands. [...] Frú Auður Auðuns á að baki langan stjórnálaferil, sem borgarfulltrúi, borgarstjóri og alþingismaður og er blaðamaður Mbl. Beindi þeirri spurningu í upphafi til hennar hvenær stjórn málaáðugi hennar hafi vaknað svaraði hún: „Það á sjálfsagt rætur sínar að rekja til þess að á mínu bersnukuheimili var mikill stjórn málaáðugi, mikið rætt um stjórn mála og málefni minnar heimabyggðar. Faðir minn gegndi þingmennsku um 17 ára skeið. Hann varð fyrsti þingmaður Ísfríðinga 1919 en síðan sat hann á þingi fyrir N-Ísafjarðarsýslu 1923-1933 og landskjörin þingmaður var hann 1931-1937. Stjórn málaáðugi á Ísafirði var geyplega hörð í þá tíð en hún ber allt annan svið nú.“



### ● Helgarveðrið

#### Horfur á föstudag:

Suðlæg átt með rigningu og síðar skúrum, en úrkomulítið norðaustantil. Hiti 10-20 stig, hlýjast fyrir norðan.

#### Horfur á laugardag:

Suðvestanátt og skúrir vestantil, en bjartviðri og sæmilega hlýtt á austanverðu landinu.

#### Horfur á sunnudag:

Suðvestanátt og skúrir vestantil, en bjartviðri og sæmilega hlýtt á austanverðu landinu.

#### Horfur á mánudag:

Suðvestanátt og skúrir vestantil.

### ● Spurning vikunnar

Ertu sammála því að hækka bílprófsaldurinn í 18 ár?

Alls svöruðu 853. – Já sögðu 595 eða 70% – Nei sögðu 225 eða 26% – Hlutlausir voru 33 eða 4%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Ingvar Alfreyðsson, hljómborðsleikari Bermuda

## Nýtt lag að koma út

„Það er allt gott að fréttá. Við í Bermuda gerðum þarna gott ball á Suðueyri um helgina og vorum rosalega ánægð og sáum ekki betur en að fólk hafi verið ánæggt líka. Við áttum góða helgi á Suðureyri en við spiluðum líka á söngkeppni og á barnaballi. Við erum svo að spila út um allt í allt sumar, mestmegnis fer tíminn minn í það en svo er ég líka að vinna hjá Ríkissútvarpinu sem tækniamaður í sjónvarpi og útvarpi. Hljómsveitin hefur gefið út nýtt lag sem kemur út á disknum „Svona er sumarið“ á næstunni. Það er svona safndiskur með íslenskum sumarlögum. Það má því að segja að við séum að gera það glimrandi gott. Ég verð að láta þessa heimsókn vestur duga í bili en það er aldrei víta í haust þegar fer að hægjast á í sumartörnninni. Við í hljómsveitinni vorum náttúrulega bara í heimahúsi og gistum í almennilegum rúmum og fengum að borða góðan mat á milli uppákoma. Það var mjög gott og þetta var ánægjuleg heimsókn vestur.“



Miklar tilfinningar blossuðu upp á yfirborðið í leikritinu, af öllum gerðum. Ljós: Páll Önnundarson.

# Hraður og skemmtilegur farsí hjá Hallvarði súganda

Leikfélagið Hallvarður Súgandi frumsýndi leikritið Himnaríki eftir Árna Ibsen á nýliðinni Sæluhelgi. Himnaríki er farsí sem fjallar um þrenn þör á þrítugsaldri sem dvelja eina helgi í sumarbrústað sem eins og í svo mörgum slíkum ferðum endar í svalli og ýmis mál koma upp á yfirborðið. Verkið er metnaðarfullt og hefur þá sérstöðu að sviðið er í miðjum sýningar- salnum og áhorfendur sjá beggja vegna, annarsvegar sjá þeir inn í bústaðinn og hinsvegar sjá þeir sem gerist fyrir utan. Í hléi skipta svo áhorfendur um sæti, þeir sem sáu það sem gerðist inni sjá þá það sem gerist úti og öfugt. Þetta fyrirkomulag er stórskemmtilegt og sökum þess sér áhorfandinn ekki heildarmyndina fyrr en hann hefur séð leikritið beggja megin við sviðsmyndina. Vegna þessa fékk blaðamaður á tilfinninguna í fyrri hlutanum að hann væri að gægjast inn í raunverulegan sumarbrústað til að fylgjast með hvar þar fór fram fremur en að horfa á leikara á sviði.

Eins og bestu farsarnir býður leikritið upp á hraða og kímni en að auki gefur það innsýn í flókið sambandsmynstur bæði para og vina.

Þá var farið á gamansaman hátt í það hvernig áhrif ástar-sambönd hafa á vináttu, en allar persónurnar tengjast í gegnum hver aðra á einhvern hátt.

Fjórar persónur eiga langa sögu saman og koma þeirra nýju veldur öllu í uppnám. Persónusköpunin er litrík og ná allir leikararnir að skila hlutverkum sínum mjög vel.

Hallgrímur Guðsteinsson var stórgóður í hlutverki of-virka gleðipinnans Gaua sem vildi engan særa en einhvern veginn gerist það bara án þess

að hann geti við það ráðið.

Erna Guðmundsdóttir var sannferandi sem hin óreynda Aníta sem er fleygt inn í hringið flókinn sambanda sem tengir hinar persónurnar saman.

Dagmar Ýr Wium var hreint út sagt frábær í hlutverki Unnar, kærulausrar prímadonnu, sem kann engan veginn við sig í hinu hrjúfa sveitarlífi en hefur mikla unun af því að fylgjast með skrípalátunum í samferðamönnum sínum.

Unnar Þór Reynisson lék samviskulausa glaumgosann

Begga og gerði það með svo miklum stæl að áhorfendur veltust um af hlátri.

Jóhann Daniel Danielsson kallaði fram samúð manns og hlátur með túlkun sinni á hinum seinheppna Tryggva sem alltaf þarf að mæta afgangi og gerir sig ánægðan með það.

María Dögg Þrastardóttir Briem sýndi bæði viðkvæma hlið og sjálfsörugga hlið á persónunni sinni á hinni skapstóru Steinunni sem spilar sig stóra en er öll í flækju innan í sér og veit ekkert hvað hún



Unnar Þór Reynisson kallaði fram ófá hlátrasköllin sem hinn sjálfumglaði Beggi.



● **Borgin mín** • Margrét Geirsdóttir, tónmenntakennari með meiru

## Allt til alls í Árósum



„Árósar í Danmörku er uppáhaldsborgin mín. Hún er stór en hefur á sér ákveðinn smáborgarbrag. Tiltölulega afslöppuð, engin læti í umferðinni og tillitsemi sýnd. Þar er æðisleg göngugata og gamli bærinn er alveg frábær. Þarna líka skógur og strönd og stutt í allar áttir þegar maður vill keyra eitthvað í burtu. Ég fer reglulega til Árósa og fór þangað síðast í maí. Svo skemmir ekki fyrir að mér finnst danska óhemju skemmtilegt tungumál. Borgin hefur því allt til alls.“



● **Orðrétt af netinu** • www.sellan.is

## Virkjanavandalisminn

Það skal viðurkennast hér og nú að ég hef lengst af staðið á hliðarlínunni eða sveiflast á milli staðfastra sjónarmiða andstæðra fylkinga í málefnum virkjana á Austurlandi. Heldur þó verið á bandi umhverfissinna en þó verður að segjast að maður hefur ekki verið alls ósnortinn af málstað Austfirðinga sem vilja fá atvinnu og búsetugrundvöll heim í hérað. Þá vil ég meina að sú rómantíska þjóðernisremba mótmælenda virkjananna hefur framkallað hjá mér þá ógleði og allir leikrænu ljóðalestrarnir og gjörningarni þann aulahröll að ég hef ekki fundið hjá mér jafnsterka hvött til að tilheyra þeim hópi og ella hefði kannski verið. Ég man einmitt eftir að hafa fylgt fólki í blindni á einn slíka mótmælendafund í Borgarleikhúsinu hér um árið og tuldraði þá fyrir sjálfum mér: af hverju getur ekkert af þessu liði mótmælt virkjuninni með rökum í stað gjörninga og fjallkonubulls? Nú eru röklin hins vegar komin fram og efasemdum mínum hefur verið varpað út í buskann. Ég er búinn að taka skýlausa afstöðu. Ég er á móti! Ástæðan: lestur á Draumalandi Andra Snæs Magnasonar.

● **Stuttar fréttir**

## Birgir Björn á leið á EM

Ísfirðingurinn og KFÍ-leikmaðurinn Birgir Björn Pétursson hefur verið valinn í 12 manna hóp landsliðs karla sem tekur þátt í Evrópumeistarakeppninni í körfuknattleik sem haldin verður í Lissabon í Portúgal dagana 14.-23. júlí. Ísfirðingar munu því eiga þrjá fulltrúa á EM í sumar en Þórir Guðmundsson og Sigurður G. Þorsteinsson keppa með 18 ára landsliðinu á Spáni. Þeir þrír félagar hafa allir verið að gera það gott með Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar undanfarin ár.

## 404 skotvopn í umdæminu

Í umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði eiga 74 einstaklingar fjögur skotvopn eða fleiri. Samtals eiga þessir einstaklingar 404 skotvopn. Í nóvember 2004 setti lögreglustjórinn á Ísafirði reglur um geymslu skotvopna og skotfæra. Stefnt var að því að fyrir árslok 2005 væri búið að heimsækja og taka út vopnageymslur hjá öllum þeim sem í ársbyrjun áttu fjögur skotvopn eða fleiri. „Markmið þetta náðist ekki og er helst að kenna um mikilli mannekleu sem hrjáði embættið 2005“, segir í nýútkominni árs-skýrslu sýslumannsins á Ísafirði.

## Styttist í malbikun

Malbikunarstöð kemur til Ísafjarðarbæjar 10. ágúst nk. og verður þá farið í talsverðar malbikunarframkvæmdir. Helstu liðir framkvæmdanna eru malbikun nýs og endurbættis Hlíðarvegjar sem og malbikun bæjarbrekkunnar auk þess sem unnið verður í götum á Tunguskeiði. Þá mun Borgarverk leggja nýtt slitlag á Sætún og Túngötu á Suðureyri. Á dögnum var umferð hleypt á bæjarbrekkuna eftir að henni hafði verið lokað vegna framkvæmda.



Hallgrímur Guðsteinsson var stórgóður í hlutverki Gaua.

vill.

Allar persónurnar glíma við fortíðardrauga sem valda árekstrum í samböndum þeirra, rétt eins og tíðkast hjá flestum á þessum aldri. Það besta við persónusköpunina var hversu mannleg og kunnugleg hún var þó hún væri ýkt til að auka kímmina.

### Mikið um hlátra-sköll og lófaklapp

Leikstjórn var í höndum Rúnars Guðbrandsson sem hefur leikstýrt fjölda leiksýninga hérlandis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara. Ísfirðingar muna þó ef til vill einna best eftir honum frá því að hann setti upp Eldmærina á Ísafirði

fyrir fjölmörgum árum.

Sviðsmyndin var vönduð og raunveruleg. Bæði innan-dýra í bústaðinum sem utan-dýra. Og eins og Gaui sagði í upphafi er þar allt til alls, sannkallað himnaríki. Greinilegt var að mikið var lagt í að gera verkið sem best úr garði og skilaði það sér vel til áhorfendanna en Himnaríki var vel tekið og voru tíð hlátrasköllin og kröftugt lófaklappið í lokin besti mælikvarðinn á það.

Eina sem blaðamanni fannst vert að setja út á var hljómburðurinn en þegar mikil læti voru öðru megin sviðsins var erfið að fylgjast með hvað fór á milli persónanna þeim megin sem maður sat. Var það eini gallinn á

þessari skemmtilegu uppsetningu þar sem í raun voru tvö leikrit í gangi á sama tíma þótt leikararnir sjálfir léku það sama bæði fyrir og eftir hlé. En þetta var svo nýstárleg og skemmtileg leikhúsreynsla að blaðamaður lét það ekki á sig fá.

Leikfélagið Hallvarður sýgandi var endurvakið árið 1998 af áhugasömu fólki um leiklist eftir að starf þess hafði legið niður árafjöld. Félagið hefur, síðan þá, sett upp hverja sýninguna á fætur annari og er óhætt að segja að Sæluhelgin væri ekki söm án Sæluhelgar-leikritsins.

**Margt gekk á í sumarbústaðnum þar sem pörin þrjú voru saman komin.**



● **Brennslan mín** • Ásgeir Sigurðsson, tónlistarmaður og járnbindingamaður

## Mötörhead er flottasta rokkband sögunnar

„Hér er listi yfir lög sem ég fíla í strimla, ekki endilega uppáhalds lögin mín og enn síður í réttri röð. Gjörði svo vel.“

**1. Bargain – The Who**  
Tryllingslega gott rokklag sem endurvakti áhuga minn á tónlist eftir að mér fór að þykja öll tónlist rusl.

**2. Rock’n’roll – Led Zeppelin**  
Titillinn segir allt sem segja þarf.

**3. Riff raff – AC/DC**  
Ó guð minn góður, hvað þetta lag er geðveikt, hratt, sveitt og gratt.

**4. Skeletons of society – Slayer**  
Metall af gamla skólanum, fyndið lag og skemmtilegt.

**5. Partíþæir – HAM**  
Stórkostlegt rokklag með boðskap sem er mér að skapi, einnig mjög öflugur hringitónn.

**6. 1812 – Tchaikovski**  
Eftir að ég er búinn að hlusta á þetta lag á fullu blasti lít ég út eins og ígulker, gæsa húðin er svo brjáluð.

**7. Bulls on parade – Rage against the machine**  
Langbesta rokkhljómsveit 10. áratugarins. Hún er í miklu uppáhaldi hjá mér. Að hlusta á þetta lag er eins og að vera laminn í klessu, nema bara miklu skemmtilegra.

**8. United forces – S.O.D**

Þetta var eitt af fyrstu lögum sem ég tók með hljómsveit. Svo er nafnið Stormtroopers of death svo ótrúlega flott.

**9. Ace of Spades – Mötörhead**  
Lemmy er guð og Mötörhead er flottasta rokkband sögunnar.

**10. Helter skelter – Bítlarnir**  
Flottasta lag Bítlanna, ótrúlega þungt og flott.



Ásgeir Sigurðsson.





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 300 m/vsk

**bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn**

**Sjáumst á Suðureyri!**



## Met afkoma hjá sparisjóðunum á Vestfjörðum

Allir sparisjóðirnir á Vestfjörðum skiluðu met afkomu á síðasta ári en alls nam hagnaður sjóðanna 422 milljónum króna. Hagnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur nam rúmum 110 milljónum króna í fyrra og jókst hagnaður sjóðsins

93% milli ára. Hreinar rekstrartekjur voru alls 370 milljónir en önnur rekstargjöld voru 171 milljón króna.

Þá skilaði Sparisjóður Strandamanna 99 milljónum króna í hagnað og var eigið fé í árslok 414 milljónir króna

sem er 31,6 prósentu aukning milli ára. Á aðalfundi sparisjóðsins voru samþykktar tillögur um aukningu og sölu stofnfjár. Stærsti sparisjóðurinn, Sparisjóður Vestfirðinga, skilaði 213 milljóna króna hagnaði í fyrra. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Sparisjóður Vestfirðinga skilaði 213 milljóna króna hagnaði árið 2005.

## Allt að 10% hækkun á raforku

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf., hækkaði 1. maí sl. en til stóð að hækkunin tæki gildi 1. janúar. Meðaltalshækkun er 5-6%. Niðurgreiðslur hækkuðu ekki til móts við gjaldskrárhækkunina. Dreifing raforku hækkaði um 10% 1. janúar en verð fyrir raforkusölu er óbreytt. Þar sem niðurgreiðslur hækkuðu ekki, er hækkunin meiri en 5-6% og allt upp í 10%, eftir því hvernig niðurgreiðslum er háttáð hjá notendum. Þær eru mismunandi eftir því hvort um þéttbýli eða dreifbýli er að ræða.

Ennfremur var ákveðið hækka gjaldskrá fyrir hitaveitur um 5% frá með sama tíma. Þann 1. janúar 2006 hækkaði niðurgreiðsluhámarkið úr 35.000 kWh á ári í 40.000 kWh og það leiddi til lækkunar hjá þeim sem eru með ársnotkun meira en 35.000 kWh.

– [smari@bb.is](mailto:smari@bb.is)

## Skilnaðarmálum fjölgar

Alls voru 98 sifjamál til meðferðar hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði árið 2005 og í árslok var 42 málum ólokið og er það töluverð aukning frá árinu á undan. Þá var 56 málum lokið með efnislegri niðurstöðu.

Í ársskýrslu sýslumannsins á Ísafirði kemur fram að sifjamál séu án efa einn erfiðasti málaflokkur embættisins. Þá komu 25 skilnaðarmál á borð sýslumanns árið 2005 en voru 21 árið á undan og 16 árið 2004. Málum er varða sambúðarslit hafði hins vegar fækkað en þau voru 6 á síðasta ári, 8 árið 2004 og 17 árið 2003. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Sælulhelgin á Suðureyri sem haldin var frá fimmtudegi fram á sunnudag heppnaðist í alla staði vel þrátt fyrir fremur leiðinlegt veður á laugardag. Nokkur hundruð manns sóttu hátíðina sem var með fjölbreyttasta mótí. Brakandi blíða var á lokadegi hátíðarinnar á sunnudag og nutu ungir jafnt sem gamlir þess að sækja Súgfirðinga heim. Ungu fólkið skemmti sér vel í hoppikastalanum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Sjá nánar umfjöllun og myndir inni í blaðinu.

## Gerð snjóflóðavarnargarðs í Kubbanum í Skutulsfirði

# Einnig frestað vegna þenslu í Þjóðfélaginu

Mikil og hörð umræða hefur verið um frestanir ríkisins í vegagerð á Vestfjörðum vegna þenslu og hefur sú framan kvæmd ekki verið með í umræðunni um niðurskurð í framkvæmdum ríkisins. Garðurinn var kominn í gegnum umhverfismat og hönnun lokið þegar skipanir komu að ofan

gerð snjóflóðavarnargarðs í Kubbanum í Skutulsfirði vegna þenslu og hefur sú framan kvæmd ekki verið með í umræðunni um niðurskurð í framkvæmdum ríkisins. Garðurinn var kominn í gegnum umhverfismat og hönnun lokið þegar skipanir komu að ofan

að ekki mætti hefjast handa vegna ofhitnunar í hagkerfinu. Samkvæmt mati á hættu vegna ofanflóða við Holta hverfi sem lauk árið 2003 eru mörg hús sem standa næst fjallinu Kubba á hættusvæði. Á sínum tíma kom þetta hættumat talsvert á óvart þrátt

fyrir að það hafi litla umræðu hlotið meðal almennings. Engu að síður var hættumatið staðfest og í kjölfarið hófst hönnun varnarmannvirkja og liggur nú fyrir tillaga að áætlun vegna mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda. Talið er að kostnaður við

garðinn yrðu ekki undir 500 milljónum og yrði hlutur sveitarfélagsins 50 milljónir króna. Bættist það við þá tvo milljarða sem áttu að fara í vegagerð á Vestfjörðum til ársins 2008. Ótalin eru fjöldin allur af minni verkum á vegum ríkisins sem framkvæma átti í fjórðungnum.